


# Eldjárnsþáttur

Að venju settust nokkrir nýir piltar, „novi“, í neðri bekk latínuskólans á Hólum haustið 1763. Einn þeirra var hár og þreklega vaxinn Eyfirðingur á 16. ári, Eldjárn Hallgrímsson. Ýmsir skólabræður hans áttu eftir að ná frama, sem vonlegt var um fremstu æskumenn Norðurlands, en fyrir Eldjárni átti að liggja að verða fátækur barnamaður. Ævi hans varð viðburðafá, mörkuð striti og andlitssveita. Maðurinn sjálfur var á hinn bóginn ekki með öllu hversdagslegur og verðskuldar því að eftir honum sé munað enn um sinn. Steinarnir í vörðu hans er nú tvístraðir og flestir týndir. Naumast angrar það samt nokkurn né skaðar þótt orðasmali dundi sér við það á stekktíð að leita þeirra völubrota sem enn kunna að finnast og draga þau saman í ofurlítinn hrauk. Víst er að hrammur gleyskunnar sundrar þeim flestum von bráðar á ný.

## 1. Af skáldum og fleira fólki


Hér er reyndar ekki ætlunin að segja af Eldjárni skólapilti einum heldur af honum og ætt hans. Framan af er því dvalið við ýmsa af nánustu forfeðrum hans, því næst verður saga hans sjálfs rakin og loks er gerð grein fyrir nokkrum niðjum hans í viðauka aftan við þáttinn.

Eldjárn fæddist þann 28. ágúst árið 1748 í Kristnesi við Eyjafjörð, sonur hjónanna þar, Hallgríms Eldjárnssonar og Ólafar Jónsdóttur. Þau voru efnalítill en af fyrirfólki og áttu frama í vændum. Síðar verður vikið að ætt Ólafar og því skal þess eins getið um hana að sinni að hún var dóttir Jóns Halldórssonar prests á Völlum í Svarfaðardal, sem e.t.v. er sami maðurinn og sá „Jón á Völlum“ sem jólasveinar einn og átta fundu í kvæðinu. Foreldrar Hallgríms voru Þórvör Egilsdóttir, sem brátt getur, og Eldjárn prestur í Auðbrekku (Stóru-Brekku) í Hörgárdal Jónsson hreppstjóra á Grund í Höfðahverfi Þórarinssonar hefðarklerks á Hrafnagili Jónssonar.



Karleggur Hallgríms rekst til Finnboga Jónssonar lögmanns, í 8. lið. Líkast til hefur Hallgrími þó þótt meira vert um skyldleika sinn við

Hallgrím Pétursson, bar enda nafn hans og var talsvert skáld sjálfur. Guðríður hét systir sálmaskáldsins mikla, húsfreyja á Frostastöðum, kona Þorsteins Jónssonar bónda þar. Dóttir þeirra var Snjólaug húsfreyja á Grund, móðir séra Eldjárns. Hallgrímur Pétursson var með öðrum orðum ömmubróðir séra Eldjárns og því ekki langt til seilst þótt hann gæfi syni sínum nafn hans. Til glöggvunar er gott að bregða upp mynd af þessum tengslum Hallgrímanna.




Síðar verður nefndur þriðji Hallgrímurinn í þessari ætt sem þarft er að þekkja.

Páll Eggert Ólason getur þess um séra Eldjárn að hann væri „gáfumaður og skáldmæltur“.<sup>1</sup> Að loknu námi í Hólaskóla var hann í þjónustu Steins biskups og hefur nýtt tímann vel til guðfræðilesturs því að hann varð heyrari við skólann haustið 1720. Strax sumarið eftir fékk hann Möðruvallaklaustursprestakall og reisti bú að Auðbrekku í Hörgárdal, jörð sem stóð undir nafni. Nú var ráð að svipast um eftir kvonfangi. Heimasæta frá Glaumbæ í Skagafirði varð fyrir valinu, tvítug dóttir séra Egils Sigfússonar, Þórvör áður nefnd. Séra Egill í Glaumbæ var lærður maður og latínuskáld, hafði starfað við Hólaskóla í tíð þriggja biskupa, Gísla Þorlákssonar, Jóns Vigfússonar og Einars Þorsteinssonar, sem heyrari 1678-1683 og síðan sem rektor 1684-95. Hólarektor og latínuskáld hafði Sigfús Egilsson faðir hans líka verið og dómkirkjuprestur í tilbót. Kvonfangið var því hið virðulegasta en ábatasamt var það ekki því að séra Egill var lítill búmaður, „hneigður meir til bóka en búskapar“ og átti „stundum þröngt í búi, þótt hann sæti í góðu prestakalli“.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 430 (Reykjavík 1948); hér er jafnan vísað til æviskránna þegar orðrétt er tekið upp úr þeim en annars ekki. Sami háttur er oftast hafður á um tilvísanir í önnur helstu persónusögurit, s.s. *Sýslumannaæfir*, *Æfir lærðra manna Hannesar Þorsteinssonar* og *Prestaæfir* Sighvats Grímssonar.

<sup>2</sup> Páll Eggert Ólason, *Saga Íslendinga* V, bls. 235 (Reykjavík 1942).



Samvistir Þórvarar og Eldjárns urðu skammar því að hún missti hann í nóvember árið 1725. Var þá úr vöndu að ráða fyrir ekkjuna. Hún var aðeins 23 ára gömul og hafði fyrir tveimur sonum að sjá, Hallgrími, fæddum 1723, og Agli, fæddum í maí 1725. Búskapurinn í Auðbrekku bar enn lítinn arð og engan auð gat hún sótt í föðurgarð.

Heyrari Egils Sigfússonar á Hólum 1692-95 og síðan eftirmaður hans í rektorsembættinu 1695-1707 var Jón Árnason. Hann var nú orðinn Skálholtsbiskup, að Jóni Vídalín gengnum. Þegar biskup heyrði um bágindi ekkjunnar ungu minntist hann síns gamla meistara og samverkamanns og sendi henni orð um að hann vildi taka Egil son hennar til fósturs. Slíku boði, frá hinum hæsta á meðal hinna háu í landinu, sjálfum eftirlitsmanni og erindreka almættisins, var engin leið að hafna. Egill Eldjárnsón varð biskupsfóstri.

Svo mætti virðast sem hér sannaðist sú einkennilega lógík að fátt sé ungum börnum hollara en missa föður sinn. Biskupsfóstri. Varla gat nokkur drengur í landinu náð betra hlutskipti. En þó kann einmitt þetta hlutskipti að hafa orðið Agli að ógæfu. Jón biskup var merkur maður og mætur en svo strangur var hann að einungis tveir af nemendum hans sluppu við barsmíðar hjá honum á fimmtán ára ferli hans sem kennara og rektors við Hólaskóla.<sup>3</sup> Líkast til hefur Egill litli fengið að kynnast vendinum snemma og oft.

Ekki er vert að tefja lengi við Egil enda er hann nú svo gott sem úr sögunni. Þó verður að geta þess að hann varð prestur á Útskálum og var vel gefinn maður, góður ræðumaður, skáldmæltur, búsell efnamaður og jarðyrkjumaður svo mikill að hann hlaut verðlaun fyrir en þunglyndur allt frá æsku og gerðist drykkfelldur.<sup>4</sup> Varð drykkjuskapur hans með köflum svo óstjórnlegur að hann lá ósjálfbjarga fyrir allra fótum við búðardyr í Keflavík og var loks dæmdur frá kjóli og kalli, eftir að Skúli landfógeti kærði framferði hans árið 1787.<sup>5</sup> Egill reyndi þá að vísu að standa í fæturna og vildi sjálfur segja sig frá prestskap en það var virt að engu og dómurinn látinn fram ganga. Lagðist hann að svo búnu í þunglyndi og var víst rænulítill eftir það, allt til dauða síns árið 1802. Skúli fógeti var


<sup>3</sup> Íslenzkar æviskrár III, bls. 44 (Reykjavík 1950).

<sup>4</sup> Íslenzkar æviskrár I, bls. 328.

<sup>5</sup> Íslenzkar æviskrár I, bls. 328; Jón Helgason, *Öldin átjándi* I, bls. 189 (Reykjavík 1961).

reyndar fyllistampur sjálfur og svakalegur við drykk. Um þær mundir sem hann kærði séra Egil átti hann í stórdeilum við Levetzow stiftamtmannt vegna embættisfærslu sinnar og meintrar sjóðþurrðar og eins víst að hann hafi kært séra Egil af einskærri stríðni við Levetzow og stórbokkaskap. Örlög Úskálaklerks lágu honum í léttu rúmi.

Hallgrímur Eldjárnsson hlaut hversdagslegra uppeldi en Egill bróðir hans en líklega var æska hans þó snöggum gleðiríkari. Hann var með móður sinni framan af en fór frá henni sjö ára gamall, árið 1730, í fóstur til prófastshjónanna á Hrafnagili, Ingibjargar Oddsdóttur og séra Þorsteins Ketilssonar. Ingibjörg var af hinu voldugu Svalbarðsætt, dóttir Odds klausturhaldara digra á Reynistað Jónssonar prófests í Vatnsfirði Arasonar í Ögri Magnússonar prúða.



Margir af Svalbarðsmönnum voru fræðakerar, auðmenn miklir og fádæma holdugir. Ingibjörg hefur að líkindum verið vel í holdum sem faðir hennar og fengið ríkulegan heimanmund. Þorsteinn átti ekki til stórhöfðingja að telja en naut virðingar og varð prófastur í Vaðlaþingi aðeins hálfertugur. Hann var að vísu skólalærður í hófi en þó taldi Lúðvík Harboe hann fremstan kennimanna í Hólastifti, bæði að þekkingu og skyldurækni, og lagði til, árið 1742, að hann yrði Hólabiskup, en Þorsteinn var óframgjarn og því varð ekkert úr þessum áformum, þótt hann yrði að vísu officialis um hríð, á milli Harboes og Halldórs Brynjólfssonar.<sup>6</sup> Séra Þorsteinn var hins vegar skáldmæltur og ritaði margt, þar á meðal Hrafnagilsannál.<sup>7</sup> Fæst af ritum hans eru verulega markverð en hans má þó lengi minnast í bókmenntasögu Íslands og er sú orsök til þess að hann þýddi fyrstu skáldsögubókina sem kom út á íslensku. Þess svenska *Gustav Landkrons* og þess engelska *Bertholds fábreytilegir Robinsons eður lífs og ævi sögur* hét hún og var prentuð á Hólum 1756.<sup>8</sup>

Þorsteinn kvæntist Ingibjörgu af hyggindum og áreiðanlega girndarlaust. Þau giftust árið 1718, tveim árum eftir að hann fékk

<sup>6</sup> Páll Eggert Ólason, *Saga Íslendinga* VI, bls. 179 (Reykjavík 1943); *Íslenskar æviskrár* V, bls. 220 (Reykjavík 1952).

<sup>7</sup> *Annálar 1400-1800* IV, bls. 638-687 (Reykjavík 1940-1948).

<sup>8</sup> *Saga Íslendinga* VI, bls. 240, 374.

Hrafnagil, og þá var hann þrítugur en hún orðin 42 ára. Ríkt kvongfang leysti hann úr ánauð búskaparhokurs og gerði honum fært að sinna fræðum og skáldskap en erfingja eignuðust þau Ingibjörg ekki. Önnur börn skyggðu því ekki á Hallgrím eftir að hann kom að Hrafnagili og hefur hann áreiðanlega notið ástríkis þar og fyrirtaks atlætis.

Ingibjörg arfleiddi Þorstein að öllum eigum sínum eftir sinn dag snemma vetrar 1742.<sup>9</sup> Eftir að hún dó, haustið 1746, liðu ekki nema nokkrir mánuðir þar til séra Þorsteinn, sem þá var tæplega sextugur, hafði fest sér þrjátíu árum yngri konu og gert henni barn og hlaut að sækja um konungsuppreisn fyrir bráðlætið.

Nú viku sögunni aftur um sinn til Þórvarar Egilsdóttur, móður Hallgríms. Eftir lát séra Eldjárns, í nóvember 1725, hélt hún áfram búskap í Auðbrekku en fékk brátt til liðs við sig bónda einn úr sveitinni allskörulegan, Jón Ólafsson. Jón var fæddur 1692, áratug eldri en Þórvör. Hann var meðal helstu bænda í Eyjafirði um sína daga og naut virðingar, varð einn af hreppstjórum sveitar sinnar og síðan lögréttumaður 1745.<sup>10</sup> Hann hefur því líklega lifað í kristilegri friðsemd við guð og menn en það verður hins vegar ekki sagt um forfeður hans. Faðir hans var Ólafur Hallsson (f. um 1657, d. 1723), bóndi á Einarsstöðum í Kræklingahlíð 1703 og síðar á Hofi og Þrastarhóli í Hörgárdal, sonur Halls bónda í Búðarnesi í Hörgárdal Finnbogasonar bónda í Saurbæ þar í dal Hallssonar. Þeir feðgar Hallur í Búðarnesi og Finnbogi voru settir út af sakramentinu árið 1654 „því að óeirðarmenn og guðs orðs foraktendur eiga ekki til þess háleita sakramentis að takast svo lengi sem þeir blífa í þeirri þverúð“, eins og Þorlákur biskup Skúlason orðar það, og skyldu ekki takast til sakramentis aftur fyrr en þeir sýndu „kristilega yfirbót bæði í friðsemi og svo í því að rækta betur heilaga samfundi í kristilegri kirkju“.<sup>11</sup> Og hafa víst æpt og flogið á menn þá sjaldan þeir komu til kirkju sinnar á Myrká. Jón niður þeirra var líklega áabetrungur.

*Finnbogi Hallsson í Saurbæ*

|  
*Hallur í Búðarnesi, f. nál. 1620*

|  
*Ólafur Hallsson*

|  
*Jón Ólafsson* ————— + ————— *Þórvör Egilsdóttir*

|  
*Sigfús Jónsson, f. 1729*

Son eignuðust þau Þórvör og Jón sumarið 1729, Sigfús þann sem síðar kemur stuttlega við sögu. Sigfús framaðist vel eins og eldri

<sup>9</sup> Sjá þátt Hannesar Þorsteinssonar um séra Þorstein í *Æfum lærðra manna*.

<sup>10</sup> Einar Bjarnason, *Lögréttumannatal*, bls. 325 (Reykjavík 1952-1955).

<sup>11</sup> *Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar* (Reykjavík 1979), bls. 248.

hálfbræður hans, varð prestur á Höfða í Höfðahverfi í Eyjafirði og lengi prófastur Suður-Þingeyinga og skörulegur í því embætti, vel skáldmæltur, „gáfumaður og góðgerðasamur um efni fram“.<sup>12</sup> Það orð lék á að hann væri launfaðir Bólu-Hjálmars og því trúði Hjálmar sjálfur fastlega.

Hallgrímur Eldjárnsson fór sem fyrr segir frá móður sinni til prófastsins og maddömunnar holdprúðu á Hrafnagili árið 1730. Líkast til hefur það þá þegar verið ljóst að hann gæti lært og skyldi læra. Tveim árum síðar, þegar Hallgrímur var níu ára, tók fóstri hans að kenna honum undirstöðuatriði latínunnar. Þar með var ævibraut hans mörkuð, braut skólagöngu og geistlegs frama, sem hæfði ætterni hans og stétt. Að loknu stúdentsprófi frá Hólaskóla 1744 varð hann djákni á Munkaþverá en sigldi til Kaupmannahafnar næsta ár. Þar var hann skráður í stúdentatölu rétt fyrir jólin 1745, þann 16. desember, fékk síðan leyfi konungs til að taka embættispróf í guðfræði þótt hann hefði ekki verið tilskilin tvö ár við háskólann og lauk því í snatri, þann 21. apríl 1746.<sup>13</sup> Hálfum mánuði síðar, þann 5. maí, ritaði annar af próffessorum hans um það memoríal til konungs að hann mætti njóta styrks („Ásstipendium“) úr sjóði sem Þorlákur biskup hafði efnað til með þeim skilmála að tekjurnar „skyldi leggja til þeim fátækasta stúdent frá Hólaskóla sem menntaðist utanlands“.<sup>14</sup> Samdægurs skrifaði Harboe upp á þessa beiðni og skömmu síðar fékk Hallgrímur styrkinn úr hendi Halldórs Brynjólfssonar en hann var þá ytra, nývígður Hólabiskup. Styrkurinn kom sér vel því að með honum gat Hallgrímur greitt námsskuldir en það segir hins vegar ekki mikið um fátækt hans þótt hann væri talinn „fátækasti stúdent frá Hólaskóla sem menntaðist utanlands“ á því herrans ári 1746. Á fyrri hluta 18. aldar skráðust 115 Íslendingar til náms í Hafnarháskóla.<sup>15</sup> Einungis um þriðjungur þeirra var úr Hólaskóla. Sorglega margir Íslendingar í Höfn dóu úr einföldum umgangspestum á fyrsta eða öðru misseri utanverunnar og sumir stúdentar hróktust frá námi. Það er því ljóst að flest ár hefur aðeins einn eða jafnvel enginn Hólastúdent útskrifast úr háskólanum. Þar að auki voru flestir Hafnarstúdentar að sjálfsögðu synir efnafólks, a.m.k. á íslenskan mælikvarða. Það gefur því auga leið að samkeppnin um titilinn „fátækasti stúdent frá Hólaskóla sem menntaðist utanlands“ var ekki hörð. Hitt er efunarlaust að Hallgrímur hafði fulla þörf fyrir styrkinn.

Hallgrímur hélt heimleiðis skömmu eftir að hann lauk prófi, snemma sumars 1746, líklega feginn að vera ekki dauður eða örkuðlaður af einhverri danskri slæmsku. Alltaf var nokkuð um að íslenskir Hafnarstúdentar ílentust ytra en flestum þeirra fór þó sem Hallgrími að

<sup>12</sup> *Íslenzkar æviskrár* IV, bls. 193 (Reykjavík 193).

<sup>13</sup> Sjá þátt Hannesar Þorsteinssonar um Hallgrím í *Æfum lærðra manna*.

<sup>14</sup> Sjá þátt Hallgríms í *Prestaefum* Sighvats Grímssonar.

<sup>15</sup> *Saga Íslendinga* VI, bls. 200-201.

þeir strunsuðu rakleiðis heim frá prófborðinu. Leið þeirra lá af steinlögðum strætum í veglaus moldarflög, úr státlegum timburhúsum og steinhöllum höfuðborgarinnar í torfhýsi á útkjálkum. Líklega hefur baðstofulífið íslenska ekki alltaf verið jafnbólvað og af er látið.

Hér er raunar ekki þörf á neinum ágiskunum um tilfinningar Hallgríms á þeirri stundu þegar hann sigldi heim á leið út Eyrarsund. Þær orðaði hann nógu skýrt og haganlega sjálfur:

*Far Hafnar frægi staður  
far vel, þig aldrei sé eg meir  
frá þér eg ferðast glaður  
frá þér til Íslands geð mitt þreyr  
föðurláð frammar met eg  
frið og náð hreppt þar get eg  
en um þitt ráð, tönn fyrir tungu set eg.<sup>16</sup>*

Vel væri hún þess verð vísan sú arna að komast á sýnisbækur um ljóðskap 18. aldar og sýnir glöggt að Hallgrímur var skáld.


Ingibjörg Oddsdóttir dó sem fyrr segir haustið 1746, þann 16. september. Hallgrímur var með fóstura sínum á Hrafnagili um veturinn en reisti síðan bú vorið 1747 á Kristnesi, einni af jörðunum sem fóstri hans eignaðist eftir Ingibjörgu, úr auði Odds digra. Veturinn höfðu þeir fóstrar notað til þess að svipast um eftir konum og er sögunni þá þar komið að kaflaskil eru sjálfgerð, enda verður nú að fylga öðrum straumi um sinn.

## 2. Með krafta í köggjum

Það bar til tíðinda á Hólastað árið 1695, sem fyrr segir, að séra Egill Sigfússon lét af rektorsstarfi og fór að Glaumbæ en við tók Jón Árnason. Rúmlega ári síðar andaðist Einar Þorsteinsson biskup og árið þar á eftir, 1697, kom nýr biskup að staðnum, Björn Þorleifsson. Björn var af völdugustu ættum landsins, sonur Þorleifs prófasts í Odda Jónssonar og Sigríðar dóttur Björns sýslumanns í Bæ á Rauðasandi Magnússonar prúða. Var Þorleifur bróðir Sigurðar lögmans í Einarsnesi en Sigríður systir séra Páls í Selárdal. Um Björn var sagt að hann héldi sig mjög að höfðingjahætti, færi um sveitir með sveinaflokk, væri veitull og góðviljaður hverjum manni, mælskur vel og ritfær en sérvitur, tilgerðarlegur og eyðslusamur.

---

<sup>16</sup> Vísan er varðveitt í Lbs. 852 4to III, 541, og tekin upp í þátt Hallgríms í *Æfum lærðra manna*.



Mikil harðindi urðu í landi á árunum 1695-1701 svo að fjöldi manna fór um. „Gjörði mannfali og óöld af þjófnæði, svo að engu var óhætt, og þó fé væri haft í baðstofum náðu þjófar því ... og gjörði húsfylli á bæjum af farandi mönnum hverja nótt, og var allt étið, sem tönn festi á, hrossakjöt, er þá þótti ókvæði, og svo hrafnar“, og „margt varð úti og vanmegnaðist milli bæja af hungri“.<sup>17</sup>

Í flokki förulýðsins í Skagafirði sumarið 1702 var hálfprítug kona, Ingiríður nokkur Ingimundardóttir frá Marbæli, „af góðu almúgafólki“.<sup>18</sup> Við hlið hennar gekk á stundum hvítskeggjaður öldungur og studdist við staf, mikill vexti og áður rammur að afli en sjóndapur orðinn, heyrnardaufur og lotinn. Ókunnugir töldu víst að hann væri faðir ungu konunnar eða afi. Þeir sem til þekktu vissu hins vegar að hann var ástmaður hennar. Þótt samband þeirra væri af ýmsum haldið hneykslanlegt má trúna því að þessar einkennilegu persónur hafi horft nokkru djarflegar framan í megandi menn en flestir aðrir í tötraskaranum.

Svo segir í Mælifellsannál að sumarið 1702 „kom út á Hofsós sá nafnfrægi Árni Magnússon ... að athuga ásigkomulag Íslendinga“.<sup>19</sup> Úr Hofsós hélt hann rakleiðis til Hóla að heimsækja sinn vin Björn biskup, „Monfrère“ eins og hann ávarpaði hann í bréfum, að skoða hjá honum handrit og skeggræða fræði forn og ný.<sup>20</sup> Björn hafði útvegað honum ýmis handrit og það höfðu fleiri gert í Skagafirði, þar á meðal öldungurinn hvítskeggjaði, sem hafði skrifast á við arkívsekreterann og beðið hann ásjár í þrengingum sínum.<sup>21</sup> „Málvinur konungsins, borðnautur greifanna og sómi vor meðal þjóðanna“ vékst vel við bón þessa hruma handritamanns og bað sinn teprulega vin biskupinn að taka gamla manninn heim að Hólum í guðspakkarskyni.<sup>22</sup> Og það varð. Árið 1703 er Ingiríður Ingimundardóttir til heimilis á Hólum og svo ástmaður hennar hinn aldri, hún 27 ára „tekin af vergangi í guðs nafni, vinnur að

<sup>17</sup> Jón Espólín og Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum* I, bls. 22, 24 (Reykjavík 1976).

<sup>18</sup> Sigurjón Páll Ísaksson 1987, bls. 99 (Heimildir um Halldór Jónsson dómkirkjuprest á Hólum. *Skagfirðingabók* 16, bls. 120-121).

<sup>19</sup> *Annálar 1400-1800* I, bls. 597 (Reykjavík 1922-1927).

<sup>20</sup> Már Jónsson: *Árni Magnússon, ævisaga*, bls. 191 (Reykjavík 1998).

<sup>21</sup> *Annálar 1400-1800* I, 275-278; *Árni Magnússon, ævisaga*, bls. 169, 200.


<sup>22</sup> *Annálar 1400-1800* I, bls. 276, 497-498.



ullu“ en hann „emeritus lögréttumaður“, tekinn „af hr. biskupinum í guðs nafni“, 79 ára.<sup>23</sup>

Í guðs nafni og Árna, sem sagt. Halldór Þorbergsson hét öldungurinn, sonur Þorbergs sýslumanns á Seylu Hrólfssonar lögréttumanns sterka á Álfgeirsvöllum Bjarnasonar. Hrólfuncar kallast afkomendur Hrólfs, sem kunnugt er, miklir menn og sterkir margir. Halldór naut ekki arfs eftir föður sinn, var hórgetinn, en ólst þó upp hjá honum og bjó að líkindum á móti honum á Seylu um skeið og síðar bjó hann á Miðgrund og í Eyhildarholti og um 1698 var hann í Vík. Hann var lengi meðal fremstu bænda í Skagafirði og einn af lögréttumönnum héraðsins 1653-1690, en á því árabili voru nefndarmenn Skagfirðinga að jafnaði 7-9 talsins. Auk þess var hann um skeið umboðsmaður Benedikts Halldórssonar sýslumanns og þótti fara lögsögnin vel úr hendi. Ekki er hans þó minnst fyrir veraldarvafstur heldur fræði, einkanlega Seyluannál sem hann ritaði um árin 1641-1658, eins konar framhald Skarðsárannáls. Hann mun ungur hafa verið undir handarjaðri Björns Jónssonar á Skarðsá og lært af honum bókleg fræði. Einhver af handritum Björns lentu síðar í eigu Halldórs, þar á meðal frumritið af sjálfum Skarðsárannál, sem áður hafði verið í eigu Þorláks biskups og til láns hjá Brynjólfi biskupi en síðar komst í eigu Árna Magnússonar og varð eldsbráð í Kaupmannahöfn 1728.<sup>24</sup>

Eiginkona Halldórs var Vigdís Ólafsdóttir og virðist líklegast að þau hafi gifst ung, í námunda við 1645. Hann hefur þá verið talinn mannsefni því að foreldrar Vigdísar voru mikils háttar, Ólafur Jónsson prófastur í Miklabæ og Guðrún kona hans Þórðardóttir frá Marðarnúpi, bróðurdóttir Guðbrands biskups.



Fjórar dætur Halldórs og Vigdísar komust á legg: Björg, Helga, Guðrún og Halldóra á Seylu, kona Skúla Ólafssonar lögréttumanns, formóðir Björns Blöndals sýslumanns, Benedikts Gröndals yngri og margra annarra. Fimm óskilgetin börn Halldórs nefna ættfræðingar líka: Hallgrím skáld og sundkennara á Steini á Reykjaströnd, Pál á Esjubergi og Árvelli syðra, Jón, Gunnvöru og Helgu. Líkast til hafa einhver af þessum börnum verið hórgetin, en hvað sem um það er þá er ljóst að öll

<sup>23</sup> *Manntal á Íslandi 1703*, bls. 298 (Reykjavík 1924-1947).

<sup>24</sup> *Annálar 1400-1800 I*, bls. 31, 274.

Þessi skírlífisbrot hafa gengið nærri fjárhag Halldórs og átt sinn þátt í því að hann komst að lokum í þrot.

Synirnir Þrír, Hallgrímur, Páll og Jón, virðast allir hafa verið börn Ingiríðar ullarkonu áður nefndrar og hefur Halldór kall því dugað til nokkurs. Stundum er talið að þau hjónaleysin hafi gifst eftir að þau voru tekin heim að Hólum.<sup>25</sup> En reyndar er harla ólíklegt að Björn biskup hafi nennt að brjótast í að fá uppreisn fyrir þau vegna hneykslanlegs og ólöglegs líferniss þeirra og sennilegra að hann hafi tekið við þeim með því skilyrði að þau enduðu sínar óblessuðu samvistir og hefðu aðskilin verelsi á Hólum. Vinátta biskups við prófessor Árna, kóngsvininn, hefur dugað til þess að landsyfirvöldin létu það ótalið að hann skyti skjólshúsi yfir svo óskikkanlegar persónur, og líklega hollast að láta sem minnst á málinu bera.

*Hrólfur Bjarnason sterkí, f. nál. 1530*

|  
*Þorbergur Hrólfsson á Seylu*

*Ingimundur Jónsson bóndi á Marbæli*

|  
*Halldór Þorbergsson, f. um 1623*

|  
*Ingiríður Ingimundardóttir, f. um 1676*

————— + —————  
|  
*Jón Halldórsson, f. 1698*

Jón var einna yngstur Halldórsbarna. Hann fæddist í Vík þann 6. febrúar 1698 og fór þegar í fóstur til Halldóru hálf systur sinnar á Seylu. Hún var þá liðlega fertug og missti bónda sinn ári síðar en bjó áfram á Seylu og ól Jón litla upp til tíu ára aldurs. Húsfrú Þrúður Þorsteinsdóttir (Þorleifssonar Magnússonar þrúða), kona Björns biskups, réð því að drengurinn var tekinn heim að Hólum skömmu eftir að stórabóla gekk, 1707 eða 1708, og var hann því vísast í hópi þeirra sem horfðu ráðþrota á þegar biskupsstofan brann, í nóvember 1709. Stofuna hafði biskup látið smíða, vel gerða og trausta, og brann allt sem í henni var á skammri stund, sængurföt og bækur, smíðað silfur, prentverkfæri og margt annað fémætt. Konur sem höfðu lagt sig til aftansvefns í loftinu komust nauðuglega út en fimm vetra telpukorn brann inni.<sup>26</sup>

Árið 1710 var Jón tekinn í Hólaskóla og hefur líklega verið yngstur skólasveina fyrst í stað. Í apríl sama ár segir Björn biskup Árna vini sínum í bréfi að Halldór Þorbergsson sé „andarslitrandi“ og „gamalær“ og því ekkert að reiða sig á frásagnir hans frá fyrri tíð þótt hann láti það nú samt alltaf eitthvað heita karlkindin en verst sé að hann sé vart viðmælandi sökum heyrnardeyfu.<sup>27</sup> Ekki mæltist biskupi spámannlega að þessu sinni því að sjálfur dó hann úr tæringu aðeins hálfum öðrum

<sup>25</sup> *Saga frá Skagfirðingum* I, bls. 128-129; *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 275 (Reykjavík 1949).

<sup>26</sup> *Saga frá Skagfirðingum* I, bls. 33.

<sup>27</sup> *Annálar 1400-1800* I, bls. 277.

mánuði síðar, 13. júní 1710; Halldór hjarði þó fram í hrakviðrasaman september 1711, að hann burtkallaðist, 88 ára.<sup>28</sup>

Ekki segir af samtölum þeirra feðga á Hólum, Halldórs gamla og Jóns, en Jón óx úr hjaltdælsku grasi sem vænta mátti. Varð hann bæði mikill vexti og rammur að afli eins og hann átti kyn til og hafði skapsmuni. Stúdent varð hann tvítugur, árið 1718, og lagði Steinn biskup þá þegar fyrir hann að vígjast til Miðgarða í Grímsey. Miðgarðar þóttu með allra lökustu prestaköllum og eyjarskeggjar voru illræmdir fyrir galdra og þekktir að því að bekkjast við presta sína. Prestskapur í Grímsey jafnaðist því á við nokkurs konar þegnskylduvinnu og kom oftast í hlut nýútskrifaðra stúdenta af lágum stigum og litlum eignum. En Jón hafði burði til að kljást við Grímseyinga og lagðist fljótt það orð á að hann væri fjölkunnugur.<sup>29</sup> Komst hann svo úr Grímsey og fékk Tjörn í Svarfaðardal 1724 og Velli 1746. Reyndar urðu biskupar oft að lofa þeim sem vígðust til Grímseyjar þeirri sárabót að þeir gengju fyrir um sæmileg köll að nokkrum árum liðnum og virðist svo hafa verið um Jón.

Jón var góðum gáfum gæddur og fróður um margt, enginn sérstakur lærdómsmaður í guðfræði reyndar en skörulegur prestur og skyldurækinn. Sögur fara af því að hann væri svakafenginn við vín og mikillátur eins og fleiri Hrólfgangar. „Stór er staðurinn og stór er sá sem á honum býr“ var orðtak hans um Vallastað eftir að hann flutti þangað!<sup>30</sup> Þetta er nú nokkuð skemmtilegt en hitt er lakara, sem sagt var, að fyrir kæmi að hann væri konu sinni og börnum rustalegur við öl: „Einhverju sinni um hausttíma var von á séra Jóni úr ferðalagi um kveldið. Veður var gott, börnin mörg í myrkrinu og kváðu við raust: „Senn kemur hann faðir okkar og ber hana mömmu og drepur okkur öll.“ Þessu héldu þau áfram þar til prestur kom og heyrði og sagði: „Góðan eigið þið föðurinn.“ Er þess getið að prestur hafi haft hægt um sig þetta kveld og það venju fremur og jafnvel optar eptir.“<sup>31</sup>

Jón bjó góðu búi á Völlum fyrstu árin og tíundaði þá 20 hundruð en honum fór sem föður hans fyrr að hann átti börn fram í elli og því gekk bú hans saman og efnin þraut. Fleira var líkt með þeim feðgum því að Jón varð skar síðusti æviárin, þjáðist af elliglöpum og heilabilun. Hann dó 6. apríl 1779, 81 árs, og segir svo frá andláti hans í annál einum: „Dó séra Jón Halldórsson á Völlum, gamall klerkur og æðisgenginn.“<sup>32</sup> Annars

<sup>28</sup> *Annálar 1400-1800* I, bls. 277-128, 497-498.

<sup>29</sup> Sjá *Blöndu* III, bls. 237-228 (frásögn Þorsteins Þorsteinssonar á Upsum, varðveitt í ÍB 475 4to); sjá einnig Gísla Konráðsson, *Syrpa úr handritum II, Sagnaþættir*, bls. 177 o. áfr. (Reykjavík 1980).

<sup>30</sup> Sjá t.d. Stefán Aðalsteinsson, *Svarfdælingar I*, bls. 106-108 (Reykjavík 1976).


<sup>31</sup> *Blanda* III, bls. 244.

<sup>32</sup> *Svarfdælingar I*, bls. 107.


staðar er svo frá sagt að hann dæi „frá sér numinn“.<sup>33</sup> Allt sterkt og stórt verður um síðir aumt og smátt.

Sú saga gekk um Svarfðardal á 19. öld að svipur Jóns sæist eftir hann dauðan, einkanlega við dyr bókaklefans á Völlum, og var þar þá „stór og þrekvaxinn, snögglæddur, gamall maður í bláum tvíhnepptum bol með bláa kollhúfu á höfði“.<sup>34</sup>

Jón var tvíkvæntur og átti að sögn 20 börn, 8 með fyrri konunni og 12 með þeirri seinni. Seinni konan er fyrr úr sögunni og skal því nefnd til hennar fyrr. Guðfinna hét hún Jónsdóttir bónda og snikkara á Krossi Jónssonar, fædd 1715 og giftist séra Jóni 1737. Á meðal barna þeirra voru séra Þórður á Völlum, faðir Páls Melsteðs amtmanns, og séra Jón á Myrká, og koma báðir til sögunnar síðar.




Fyrri kona séra Jóns var Helga Rafnsdóttir frá Arnarnesi við Eyjafjörð, dóttir Rafns bónda þar Þorkelssonar og Ólafar konu hans Jónsdóttur prests í Stærra-Árskógi Guðmundssonar, en Jón sá var sannkallaður fjöllistamaður: skáld og fræðimaður, læknir góður, handritaskrifari og málari.



Helga fæddist 1701, giftist séra Jóni 1721, átti sem fyrr segir með honum átta börn og dó 3. nóvember 1731. Átta börn á tíu árum og dauð þrítug, slíkt var hlutskipti hennar, líkt og ótal margra annarra formæðra okkar. Á meðal barnanna átta voru Halldór dómkirkjuprestur á Hólum, sem síðar kemur stutt við sögu, Helga langamma Gríms Thomsens og Ólöf.

<sup>33</sup> *Annálar 1400-1800* IV, bls. 568.

<sup>34</sup> *Blanda* III, bls. 247.



Ólöf var fædd 1722 eða 1723 og elst af systkinunum eða ef til vill tvíburi við Halldór, sem fæddist 25. ágúst 1723 í Grímsey.<sup>35</sup> Um hann var síðar sagt að hann væri „manna fríðastur sem móðir hans“<sup>36</sup> og er varla fjarstætt að ætla að Ólöf systir hans hafi líka erfð eitthvað af fríðleik hennar. Hún var átta eða níu ára þegar móðir hennar dó og þurfti þá að taka ábyrgð á yngri systkinum sínum. Sem fyrr segir kvæntist faðir hennar seinni konu sinni 1737 og tók þegar að hlaða niður börnum með henni og því var í nógu að snúast fyrir Ólöfu. Hélt svo fram þar til í fardögum 1746 að fjölskyldan fluttist æði margmenn frá Tjörn að Völlum, á stóran stað sem hæfði stórum klerki. Nokkrum vikum síðar kom Hallgrímur Eldjárnsson til landsins með guðfræðipróf sitt upp á vasann og dvaldist svo um veturinn á Hrafnagili með fóstura sínum sem fyrr segir.

Þorsteinn prófastur á Hrafnagili stóð í stórræðum um veturinn að leita kvenna, bæði sjálfum sér og Hallgrími, og hefur lausn þeirra mála eflaust krafist talsverðra bréfaskipta og samninga og ef til vill hollráða og milligöngu einhverra megandi persóna.<sup>37</sup> Kvonbænum sínum fyrir hönd Hallgríms beindi Þorsteinn til séra Jóns á Völlum og bað um Ólöfu til handa fóstursyni sínum og var það áreiðanlega auðsótt mál. Þau voru jafngömul eða hún e.t.v. árinu eldri en hann og jafnræði með þeim, bæði af heldra fólki, hún að líkindum kvenna fríðust og hann lærður og efnilegur. Hjónavígslan fór fram 26. október 1747 og brúðkaupsveislan hefur víst verið sómasamleg.

<sup>35</sup> Sigurjón Páll Ísaksson 1987, bls. 68 (Heimildir um Halldór Jónsson dómkirkjuprest á Hólum. *Skagfirðingabók* 16, bls. 120-121).

<sup>36</sup> Sama heimild, bls. 98.

<sup>37</sup> Sbr. kostulegar lýsingar Jóns Steingrímssonar á kvonbænum sínum: *Ævisagan og önnur rit*, bls. 232 o. áfr. (Reykjavík 1973).

### 3. Af Hallgrími og Ólöfu

Hallgrímur og Ólöf hófu búskap á Kristnesi af litlum eignum sumarið eða haustið 1747 en ekki verður betur séð en þeim hafi fljótlega búnast nokkuð. Hallgrímur var embættislaus til að byrja með en af sjálfu leiðir að ekki dróst lengi að svo lærður maður og göfugur að ætt og fóstri hlyti mannvirðingar. Hann varð aðstoðarprestur fóstura síns í janúar 1748 og var jafnframt skipaður honum til aðstoðar í prófastsverkum og var þar með þegar kominn í heldri klerka röð. Þrem árum síðar, 1751, fékk hann Bægisá, eða „Bæsá“ eins og staðurinn hét þá, og 1753 varð hann fullkominn prófastur, þrítugur að aldri. Upp af bænum gekk djúpt og dökkbrýnt Bæjargilið upp á Bægisárdal, austur upp af honum Tröllafjall, Bægisárjökull til suðurs. Niður undan féll Öxnadalsáin út í Hörgá, en í suðvestri gnæfði Hraundrangur yfir Miðhálsinn. Liðlega hálfri öld síðar vappaði niður hans einn um hlöð litlu ofar í dalnum og átti eftir að gera sér þessar slóðir að yrkisefnum, svo völdugum að þau breyttu örlögum þjóðar.

Séra Hallgrímur virðist hafa notið sérlegrar gúnstar stiftsyfirvaldanna og átti þess tvívegis kost að velja úr prestaköllum. Lágu áreiðanlega til þess margar orsakir, meðal annars þær að hann var yfirvöldunum hollur þjónn og reyndist auk þess bæði skörulegur og samviskusamur embættismaður. Þegar herra Halldór Brynjólfsson burtkallaðist, árið 1752, og ljóst varð að Gísli Magnússon myndi verða næsti biskup á Hólum vænkaðist enn aðstaða Hallgríms því að þeir Gísli voru talsvert tengdir: Guðrún móðir herra Gísla var Oddsdóttir hins digra og því systir Ingibjargar fósturu Hallgríms.

Þorsteinn fósturi Hallgríms lést haustið 1754 og fékk Hallgrímur þá veitingu fyrir Hrafnagili, líklega óumbeðið, en kaus þó að vera áfram á Bægisá og eftirláta Hrafnagil aðstoðarpresti Þorsteins, Erlendi Jónssyni, síðar prófasti. Hefur hann með þessu viljað sýna Gísla Magnússyni hollustu, því að Erlendur gekk að eiga Guðlaugu systur Gísla þá um haustið. Svo mikið er víst er að sú ákvörðun Hallgríms að sitja áfram á Bægisá réðst ekki af því að blómgun væri í búi hans þar því að þetta var í miklum harðindum og enda sótti hann um Staðarstað 1754 og um að fá eitthvert brauð sem væri betra en Bægisá 1757.<sup>38</sup> Hallgrímur leit áreiðanlega svo á að með því að afsala sér Hrafnagili gerði hann biskupnum verðandi greiða sem yrði endurgoldinn, enda varð það, þótt það drægist lengur en honum líkaði.

Hallgrímur afhenti Bægisá í hendur eftirmanni sínum, séra Árna Tómassyni, árið 1768 og segir þá í úttektinni að Hallgrímur hafi tekið við staðnum í mjög „sléttu standi“ en ekki krafist tilhlýðilegs álags af vægð

<sup>38</sup> *Æfir lærðra manna*, þáttur séra Hallgríms.

við sinn fátæka forvera; síðan hafi hann byggt upp hús staðarins og bætt við þau og „að öllu vel með höndlað staðinn“, eftir því sem Sighvatur Grímsson tekur upp úr úttektinni.<sup>39</sup> Sighvatur bætir því síðan við að Hallgrímur hafi byggt „kirkjuna á Bægisá mjög sterka og vandaða, sem enn stóð 1850, þó lasin væri þá orðin, og lagði henni til fallegan predikunarstól og velsterkan, þar með altarisbrík og altari, allt sterkt og þokkalegt, sem enn var til 1850“. Þrátt fyrir allar þessar framkvæmdir var Hallgrími gert að greiða álag með staðnum, 1 hundrað og 30 álnir, „sem útlagðist þar mest í úthýsum og eitt hús lítið gaf síra Hallgrímur staðnum“.<sup>40</sup> Er auðsætt af þessu að Hallgrímur byrjaði búskap og staðarforráð af mikilli atorku en gerðist makráðari þegar frá leið.

Grenjaðarstaður var tekjumesta brauð norðanlands. Þar sat um þessar mundir einn helsti hefðarklerkur landsins, Björn Magnússon, dóttursonur Jóns Vigfússonar Hólabiskups (1685-1690) og sonarsonur Björns sýslumanns á Espihóli Pálssonar Guðbrandssonar biskups. Laufás við Eyjafjörð var annað afar eftirsóknarvert brauð og þar sat sem vænta mátti annar hefðarklerkur, stórættaður en að vísu fátækur, Jón Vídalín, dóttursonur Steins biskups en sonarsonur Páls Vídalíns lögmanns og mágur Skúla fógeta. Nú bar svo til að báðir þessir máttarstólpar guðs kristni og góðrar skikkunar burtkölluðust, Björn á Þorláksmessu 1766 en Jón tæpu ári síðar, 2. desember 1767.

Þegar fréttist um andlát Björns sótti Hallgrímur um Grenjaðarstað og hlaut umsókn hans stuðning Ólafs Stefánssonar siftamtmanns og Gísla biskups. Veiting staðarins var á hendi sjálfs konungs, unglingsins Kristjáns 7., sem þá var nýsestur í hásætið (1766-1808) og bar þegar nokkur merki geðklofans sem síðar átti eftir að magnast og eitra líf hans. Leið nú og beið meðan ráðgjafar konungs véluðu um málið í hásölum stjórndeildanna ytra en þá barst sú frétt að Jón Vídalín væri látinn, aðeins fertugur, og Laufás laus til umsóknar. Hallgrímur skrifaði Ólafi stiftamtmani þá einkabréf, þann 26. desember 1767, og leitaði ráða hjá honum með því að hann vildi gjarnan fá Laufás ef svo skyldi fara að hann missti af Grenjaðarstað. Stiftamtmaður vékst vel við og kallaði séra Hallgrím til Laufáss, 15. janúar 1768, svo að hann missti ekki beggja staðanna.<sup>41</sup> Í fardögum 1768 fluttist Hallgrímur svo að Laufási en aðeins tveim vikum síðar barst honum veitingarbréf konungs fyrir Grenjaðarstað. Sat hann nú Laufás um sumarið en flutti þaðan að Grenjaðarstað strax um haustið, í september, og sat síðan þann mikla stað til æviloka, 1779. Prófastur varð Hallgrímur hins vegar ekki í Suður-

<sup>39</sup> Í þætti sínum um séra Hallgrím í *Prestaefum*.

<sup>40</sup> Sama heimild.

<sup>41</sup> Um þessar bréfaskriftir sjá *Æfir lærðra manna*, þátt séra Hallgríms.

Þingeyjarsýslu, enda hafði Sigfús hálfbróðir hans tekið við þeim starfa 1768, sama ár og Hallgrímur fluttist í sýsluna.

Þess er áður getið að tengsl Hallgríms við Gísla biskup stuðluðu að frama hans en þess gætti þó ekki fyrst í stað. Sem fyrr segir slepti hann Hrafnagili við Erlend systurmann Gísla 1754 en sótti þó um að komast frá Bægisá þegar það ár og svo aftur 1757. Illugi Sigurðsson dómkirkjuprestur á Hólum lést 1759 og vildi Hallgrímur þá verða dómkirkjuprestur en úr því varð ekki heldur valdi Gíslu mág hans til embættisins, Halldór Jónsson frá Völlum; líklega óttaðist Gíslu að Hallgrímur yrði sér lítt eftirlátur á Hólustað og ráðríkur en Hallgrími mislíkuðu þessi úrslit, eins og getur að lesa í bréfum hans til Magnúsar Gíslasonar amtmanns.<sup>42</sup> Allt leiddi þetta vísast til þess að Gíslu biskup taldi sig eiga Hallgrími nokkra skuld að gjalda og lagði kapp á að styðja hann til þess að fá hvort sem væri Laufás eða sjálfan Grenjaðarstað.

Hallgrímur var afkastamikið skáld, orti margs konar sálma en líka „Tíðavísur“ og ýmis kvæði, svo sem „Dúðadurtskvæði“, „Grýlukvæði“, ævikkvæði sitt og mörg erfiljóð og minningarkvæði, t.d. „Vökulúður“, sem prentað var í útfararminningu Magnúsar Gíslasonar amtmanns. Margt af kveðskap hans er ort af íþrótt enda var Hallgrímur talinn í röð fremstu skálda á sinni tíð. Öll er sú kveðandi þó löngu gleymd og rykfellur nú í kjöllum og geymsluloftum safna. Hallgrímur var enginn nýjungamaður í ljóðagerð, hreintrúaður eins og vera bar á hans dögum og nokkuð vandlætingasamur. Skáldskapur hans og hugmyndir voru því lítt að skapi skeytingarminni manna en lausungarmeiri á síðari og breytari tímum. Tilviljanir og tísku ráða víst talsverðu um það hvað telst mikill skáldskapur og hvað ekki.

Einn af þeim heimsósómum sem Hallgrímur predikaði gegn var hrossakjötsát, meðal annars í 120 erinda bálki sem hann nefndi „Tröllaslag“ og vakti aðdáun ýmissa samtíðarmanna hans. Í þeim flokki var séra Jón Bjarnason á Ballará sem í hrifningu sinni orti „Tröllaslagur fuðufagur fræðing ber, bót mælandi engin er, allflestum sem tryppin sker“ o.s.frv. En Hallgrímur orti ekki aðeins á móti nytjum af hrossakjöti. Í harðindunum um miðjan 6. áratug aldarinnar hafði fátæklingur einn í sóknum hans, segir Hannes Þorsteinsson, „aflað sér nokkurs vetrarforða af hrossakjöti handa sér og börnum sínum og fannst þetta hjá honum er hreppstjórar skoðuðu matbjörg hans að skipun prófasts, og varð bóndi að lýsa því skriflega yfir að hann hefði ætlað sér og börnum sínum þetta hrossakjöt. Ritaði þá prófastur sóknarbændum sínum öllum og spurði þá hvort þeir hneyksluðust á þessu eða ekki og svöruðu allir því játandi að þetta væri stórhneyksli. Skýrði prófastur svo biskupi frá að hann hefði skipað þessari hrossakjötsætu að biðja söfnuðinn opinberlega

---

<sup>42</sup> Sama heimild.



fyrirgefningar og lofa að leggja sér þetta óæti ekki til munns nema í bersýnilegri dauðans neyð<sup>43</sup>. Bóndinn hlýddi þessu boði að sjálfsögðu í auðmýkt, enda hafði prófastur yfir nægum hlýðnimeðulum að ráða, þótt reyndar sé óvíst hvort gapastokkur var þá þegar kominn við kirkjudyrr á Bægisá.

Hér gekk Hallgrímur fram af þeim skörungsskap sem sómdí vörslumanni guðsótta og góðra siða og hlaut enda lof fyrir og vísa velþóknun yfirboðara sinna.<sup>44</sup> Hitt er annað að margir þeir sem nú eru moldu ofar telja sig þess umkomna að lítilsvirða það í siðum og trú forfeðranna sem í einhverju viku frá þeirra eigin hátt og hugsun. Hallgrími fór sem beturvitendum allra tíma, þar á meðal þeim sem síðar hafa dæmt hann. Hann áleit alveg efunarlaust að hann hefði rétt fyrir sér og að hann breytti rétt. Slíkir menn eru gjarnan í miklu afhaldi samtíðar sinnar en minni metum síðar.

Nú vikur sögunni aftur til þess þegar þau giftust haustið 1747, Hallgrímur og Ólöf Jónsdóttir frá Völlum. Þau fylgdu boði ritningarinnar og eignuðust tvíbura tíu mánuðum eftir giftinguna og síðan hvert barnið af öðru. Börnin voru þessi:<sup>45</sup>

- a) **Eldjárn**, fæddur 28. ágúst 1748 í Kristnesi; sá sem fyrstur var nefndur til þessarar sögu og enn verður frá sagt.
- b) **Snjólaug**, stundum nefnd Snjálaug eða Snælaug, fædd 28. ágúst 1748 í Kristnesi, dáin 16. júní 1814, húsfreyja á Grenjaðarstað og víðar. Maður hennar var séra Hannes Lárusson Scheving. Á meðal barna þeirra var Hallgrímur yfirkennari við lærða skólann í Reykjavík, doktor og skáld.
- c) **Jón**, fæddur 23. október 1749 í Kristnesi, dáiinn í júlí 1815, prestur á Þingmúla, maður „seingáfaður“ en iðinn.
- d) **Þorsteinn**, fæddur í september 1750, grafinn 25. júlí 1751.
- e) **Þorsteinn** yngri, skírður 20. júní 1752 á Bægisá, dáiinn 18. maí 1791, prestur í Stærra-Árskógi. Hann var tvíkvæntur og átti mörg börn, þar á meðal séra Hallgrím, föður Jónasar skálds, séra Kristján á Völlum, forföður þeirra af þessum ættmönnum sem gert hafa Eldjárnsnafnið að ættarnafni, og Soffíu, móður Halldórs hreppstjóra í Brekku, föður Zophoníasar prófests í Viðvík.
- f) **Þórvör**, skírð 19. júní 1754 á Bægisá, dáin 14. mars 1765.
- g) **Ólöf**, skírð 24. september 1755, dáin 8. janúar 1815, húsfreyja í Miklagarði í Eyjafirði. Maður hennar var séra Hallgrímur Thorlacius og verður í sögunni síðar.


---

<sup>43</sup> Sama heimild.

<sup>44</sup> Sbr. *Öldin átjándi* I, bls. 213.

<sup>45</sup> Sjá m.a. *Prestaefir*, þátt séra Hallgríms.

Mikið fjölmenni á ættir að rekja til þessara systkina, þar á meðal allmörg skáld, mismerk, og nokkurt mannval annað eins og gengur. Hinir teljast víst ekki.



Ólöfu brá ekki til föðurættar sinnar um langlífi því að hún lést haustið 1757. Grafín 5. september „mín sæla Oluf Jonsdóttir á 35 áre“ skráir séra Hallgrímur í prestþjónustubók sína af stakri orðvarfærni.<sup>46</sup> Þann sem stautar sig í gegnum fáorðar færslur klerks rennir þó grun í harminn sem síðar braust fram í einum af sálum hans: „Ekkjumanns tárug andvörp, upp send í himininn“.

Því er eins um Ólöfu farið og nær allar aðrar konur fyrri alda að um persónuna sjálfa er ekkert vitað. Dánarorsök hennar er meira að segja óþekkt, kann þó að hafa verið „lífsýki“ sú sem frá er sagt í Grímsstaðaannál við árið 1757, þ.e.a.s. að líkindum niðurgangsfaraldur sem að einhverju leyti stafaði af illu viðurværi.<sup>47</sup> „Ennþá harðindi“ segir þar, „og manndauði um allt landið sem fyrrfarandi ár. Fólkið féll af harðrétti og megurð; það fannst dautt á milli bæjanna; þar fylgdi og með slæmur sóttarkvilli, sem var lífsýki, hvar af sumt fólk aldeilis út af dó.“<sup>48</sup>

#### 4. Af Þórvöru

Eftir að séra Eldjárn Jónsson í Auðbrekku lést, 1725, gegndu tveir prestar Möðruvallaklaustursprestakalli skamma hríð hvor þar til Skúli Illugason fékk kallið vorið 1727 og hélt því til æviloka 1744. Skúli var orðlagður söngmaður en laklega að sér og lítill skörungur. Líkt og séra Eldjárn áður átti hann undir klausturhaldarann á Möðruvöllum að sækja um sitthvað sem varðaði embætti hans og stað í veraldlegum eignum. Sá var Hans Scheving, óhlutdeilinn maður og var allt meinhægt á staðnum.

<sup>46</sup> Þjóðskjalasafn Íslands: Prestþjónustubók Bægisár 1751-1785.

<sup>47</sup> Sigurjón Jónsson, *Sóttarfar og sjúkdómar á Íslandi 1400-1800*, bls. 100 (Reykjavík 1944).

<sup>48</sup> *Annálar 1400-1800 III*, bls. 632-633 (Reykjavík 1933-1938).

Þess er áður getið að seinni maður Þórvarar ekkju Eldjárns var Jón Ólafsson hreppstjóri og lögréttumaður í Auðbrekku og einnig var nefnt að þeim fæddist sonurinn Sigfús. Svo mætti því virðast sem vel hefði ræst úr fyrir prestsekkjunni ungu en hér var reyndar ekki allt með felldu. Þegar Sigfús er færður til skírnar að Möðruvöllum þann 10. ágúst 1729 skráir séra Skúli í kirkjubók sína að hann sé „frá Auðbrekku“ og er ekki annað að merkja en foreldrar hans búi þar þá saman. En klerkur bætir við þessa knöppu skýrslu: „óekta“.<sup>49</sup>

„Óekta“. Að baki þessu eina orði er saga. Prestsekkjan unga í Auðbrekku hefur að líkindum fengið Jón Ólafsson til sín sem ráðsmann fljótlega eftir að séra Eldjárn dó og nú hafði hún sem sagt fallerast með honum. Slíkt var að öllu jöfnu ekki litið mildum augum af yfirvöldunum.

Um öld síðar en þetta var starfaði Jón Espólín að ættatölum í skrifstofu sinni á Frostastöðum og taldi þá að Þórvör hefði verið seinni kona Jóns Ólafssonar. Fyrri konuna nefnir hann þó ekki og er hún því hulin í móðu gleyskunnar. Ekki er heldur vitað til þess að Jón ætti önnur börn en Sigfús. Ólafur Jónsson bóndi á Þrastarhóli hefur að vísu stundum verið talinn sonur Jóns en það er röng ágiskun.<sup>50</sup>

Í sakeyrisreikningum „Eijefjords Syssel“ árið 1730 stendur að barneign Þórvarar og Jóns væri fyrsta frillulífisbrot þeirra beggja.<sup>51</sup> Fyrri kona Jóns ónefnd var því látin áður en Sigfús kom undir, en það var í nóvemberbyrjun 1728 ef að líkum lætur, um það bil tíu dögum eftir að Kaupmannahöfn eyddist í eldinum illræmda. Jón var fæddur um 1692 og því getur það vel staðist að hann hafi kvænst um eða jafnvel fyrir 1720 en misst fyrri eiginkonu sína og ef til vill einhver börn þeirra.

Brot Jóns var léttvægt. Þórvör hafði á hinn bóginn átt mann andlegrar stéttar og því var hennar mál alvarlegra og flóknara. Nú leið og beið og bar fátt til tíðinda í Eyjafirði. Skúli Illugason skírði, fermdi, gifti og jarðaði sóknarbörn sín eins og vera bar, óskörulega að vísu en tónaði þeim mun fagurlegar yfir þeim. Hvergi verður þess hins vegar vart að hann hlutaðist til um hneykslanlegt málefni hjónaleysanna í Auðbrekku og ekki er heldur að sjá að önnur yfirvöld þeirra hafi gert nokkurn reka að málinu. Sýslumaður Eyfirðinga um þessar mundir var Jón Jónsson í Grenivík, greiðvikinn maður og vel látinn. Og prófasturinn, já prófasturinn var Þorsteinn Ketilsson á Hrafnagili – sem beinlínis sýndi Þórvöru fortakslausan sóma með því að taka Hallgrím son hennar í fóstur árið 1730 og hefur áreiðanlega ekki gert það í neinni óþökk yfirboðara síns á Hólum; skipti sér ekki af högum þeirra Jóns í Auðbrekku að öðru leyti, eftir því sem séð verður.

<sup>49</sup> Þjóðskjalasafn Íslands: Prestþjónustubók Möðruvallaklausturs 1694-1784.

<sup>50</sup> *Ættatölubækur Jóns Espólíns*, 1554, 5563; sbr. *Skagfirzkar æviskrár 1850-1890* II, bls. 8 og IV, bls. 342 (Akureyri 1984 og 1986).

<sup>51</sup> Þjóðskjalasafn Íslands: Rentukammerskjöl 663, Sakeyris- og vogreksreikningar fyrir árið 1730.

Um miðjan september árið 1731 var öllum embættismönnum, lénsmönnum og jarðeigendum í landinu stefnt til Þingvalla að sverja nýjum konungi, Kristjáni 6., hollustu. Á öðrum degi stefnunnar luku kennimenn við að vinna sína eiða í blíðviðri en á þriðja degi gerði úrhelli. Vegna votviðrisins gátu eiðar hinna veraldlegu ekki farið fram undir berum himni nema rétt í fyrstunni og urðu þeir því að þrengja sér inn í amtmannsbúðina en aðrir, þeir sem lægra voru settir, stóðu í höm fyrir utan og gekk svo þann dag allan og einnig fjórða stefnudaginn. Rigningin lak mönnum um skegg og bringu, hár og bak og um leggina og ofan í skóbúnaðinn og urðu þeir því fegnastir að ríða heim á leið strax nóttina eftir að eiðatökunum lauk, enda stytta þá loks upp og var tunglsljós á.<sup>52</sup> Veislan fórst fyrir, táknrænt. Kóngurinn nýi var frábitinn léttúð og í hönd fór hágengi heittrúarstefnunnar með alvöru og guðrækni og raunar einnig hóflegum húmanisma í bland.

Þarna voru þeir allir staddir: séra Skúli, Scheving klausturhaldari, Jón sýslumaður og Þorsteinn prófastur á Hrafnagili og hafa líkast til verið í samreið suður, ásamt fjölda annarra norðlenskra fyrimanna. Nú gafst upplagt færi að ráðgast um hneykslanlegt framferði prestsekkjunnar í Auðbrekku og mörg fleiri hafa færin verið en ekki er að sjá að valdsmennirnir hafi nýtt sér þau og ekki var þeim Þórvöru og Jóni stíað í sundur svo sem rétt hefði þó verið og skylt.

Áður er frá því sagt að afi Jóns og langafi, Hallur í Búðarnesi og Finnbogi faðir hans gerðu uppsteit á móti kirkjuvaldinu. Ef til vill hefur Jóni brugðið til þeirra langfeðga sinna um skaplyndi, þótt hann hlyti síðar mannvirðingar, og kirkjunnar menn ekki viljað eiga undir þeim ofsa. Önnur skýring er þó miklum mun líklegri, nefnilega sú að Þórvör hafi enn notið þess að Egill faðir hennar var góðmenni og framúrskarandi skólamaður. Einn af námspiltum hans á Hólum árin 1678-1684 var Steinn Jónsson, fátækur piltur og þá orðinn föðurlaus, frá Hofstöðum á Hofstaðayggð.<sup>53</sup> Úr þessum skjólstaðingi Egils rættist því að atvikin höguðu því svo að hann varð biskup á Hólum næstur á eftir Birni Þorleifssyni, sat staðinn 1712-1739. Steinn var valmenni og lét nú Þórvöru Egilsdóttur njóta velgjörða séra Egils í sinn garð, þótt langt væri um liðið og þessi góðsemi væri ekki með öllu áhættulaus. Auk þess naut Þórvör þess líka að Eldjárn heitinn bóndi hennar hafði verið í þjónustu biskups og heyrari á Hólastól. Var nú allt með kyrrum kjörum í Hörgárdal og bú hjónaleysanna í Auðbrekku blómgaðist átölulaust um sinn.

Við svo búið mátti þó raunar ekki standa. Þann 10. janúar 1736 stóðu Þórvör og Jón loksins fyrir altarinu í Möðruvallakirkju, þangað komin til þess að trúlofast. Séra Skúli Illugason yfirheyrði þau í viðurvist

---

<sup>52</sup> Sjá *Öldin átjándi* I, bls. 113.

<sup>53</sup> *Saga Íslendinga* VI, bls. 134.

fimm votta, valinkunnra sveitunga, og færði athöfnina síðan til kirkjubókar sinnar.<sup>54</sup> Líkast til hefur síðan verið nokkur gleðskapur af þessu tilefni í veglegum húsakynnum Schevings klausturhaldara – en kálið var ekki sopið. Giftingin fór ekki fram fyrir en rúmum tíu mánuðum síðar, þann 21. október 1736, og hefur því enn þurft að ryðja einhverjum hindrunum úr vegi áður en þessi ráðahagur gæti tekist. Vera má að Þorsteinn prófastur á Hrafnagili og Steinn biskup hafi beitt sér við Lafrenz amtmann svo að Þórvör fengi uppreisn og leyfi til þess að giftast á ný en engin bréf um slík afskipti eru nú kunn. Hitt er allt eins líklegt að þessir geistlegu velgjörðarmenn Þórvarar hafi horft í gegnum fingur sér við hana og farið sem hljóðlegast að öllu sem hana varðaði.

Sem þau Jón og Þórvör höfðu verið gerð heiðvirð leið ekki á löngu þar til Jóni hlotnuðust mannvirðingar. Sigfús sonur þeirra óx úr grasi og lærði undir skóla hjá Þorláki skáldi Þórarinssyni, síðar presti í Möðruvallaklausturskalli. Hann var tekinn í Hólaskóla 1745 og enn einu sinni sá Þórvör á bak syni.

## 5. Uppvaxtarár

Nú bar það til sem áður segir að Hallgrími Eldjárnssyni og Ólöfu konu hans fæddust tvíburar í Kristnesi síðsumars 1748: Eldjárn og Snjólaug. Eldjárn litli fór þegar í fóstur til Þórvarar ömmu sinnar – ef til vill í uppþótarskyni fyrir það hversu lítið hún hafði af sínum eigin sonum að segja.

Það að Eldjárn var tvíburi hefur eflaust ráðið miklu um að foreldrar hans gáfu hann frá sér. Efni Kristneshjónanna voru rýr og Ólöf hefur að líkindum verið heilsuveil og því fegin í aðra röndina að þurfa ekki að annast bæði börnin. Einhvern veginn finnst nútímamanni þetta þó ekki nema hálf skýring og víst er að drengnum hefur þótt sárt að njóta ekki atlætis foreldra og systkina. En fóstur er reyndar eitt af þeim fyrirbærum gamla samfélagsins sem menn eiga nú hvað erfiðast með að skilja;<sup>55</sup> fólk hefur líkast til ekki alltaf bundið miklar tilfinningar við börn sín þegar það gat átt von á að eignast tíu til fimmtán stykki og missa meira en helminginn. Horrebow sendibiskup segir frá því um þessar mundir að algengt sé að heyra íslenska foreldra „lofa guð hástöfum þegar þeir missa börn sín hvert af öðru“ og í bréfi árið 1771 fullyrðir Magnús Ólafsson síðar lögmaður að margir gleðjist innilega yfir því að missa börn sín ung og segist líka hafa „séð mann gráta beizkum tárur yfir því, að kona hans

<sup>54</sup> Sbr. Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, bls. 283 (Reykjavík 1961).

<sup>55</sup> Um þetta hefur þó talsvert verið rætt í sagnfræðinni; sjá t.d. Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag*, bls. 239-253 (Reykjavík 1997).

ól honum tvíbura“.<sup>56</sup> – Eldjárn varð talsvert barnmargur og kom upp nöfnum úr föðurætt sinni, t.d. nafni Þórvarar ömmu sinnar og Hallgríms föður síns, en nafn Ólafar móður sinnar gaf hann aldrei.

Eldjárn dafnaði í skjóli hörgdælskra fjalla og átti áreiðanlega góða vist í Auðbrekku hjá Þóvöru ömmu sinni og Jóni bónda hennar, þrátt fyrir mikil harðindi á bernskuárum hans. Það var mið 18. öld, hátindur tímanna sem jafnan og mennirnir töldu sig vitrari en nokkru sinni fyrr. Evrópumenn höfðu lagt undir sig heiminn, að Eyjaálfu einni undanskilinni. Furstar sýndu mikilleik með friðarsamningunum í Aachen 1748, árið sem Eldjárn fæddist, og það blasti við að framvegis myndu menn beita rökum og skynsemi til þess að leysa ágreiningsefni sín. Menn vissu nú líka orðið ófamargt um úthöfin, fjarlægustu lönd og jafnvel gang himintunglanna og hvaðeina annað – aðeins þurfti að upplýsa fólkið um alla þessa óviðjafnanlegu þekkingu og visku. Og það varð: Upplýsingarstefnan varð leiðarsteinn hugsandi manna sem vildu svo gjarnan fræða aðra; alfræðin franska, sem kom út í 28 bindum 1751-1772, var bjartur kyndill hennar.

Í einhverjum skilningi eru uppvaxtarár Eldjárns í fjarlægð annars sólkerfis; enn hafði James Watt ekki byrjað þrotlausa vinnu sína við endurbætur á gufuvél Newtons og hér heima var Skúli Magnússon að brjótast í að koma innréttingunum upp. En við tókumst líka í hendur við þessa tíma þegar danskir múrsmiðir klöppuðu steina í vegg stofanna góðu í Viðey, Nesi og á Bessastöðum. Kantorinn í Tómasarkirkjunni í Leipzig, Johann Sebastian Bach, var að leggja síðustu hönd á H-möll messuna um það bil sem Eldjárn kom í heiminn. Og þegar hann var að slíta barnsskónum setti uppreisnarmaðurinn François Arouet, öðru nafni Voltaire, punktinn aftan við Birting: „Il faut cultiver notre jardin“ – maður verður að rækta garðinn sinn.

Svírahausinn gnæfir yfir Auðbrekku og skýtur ömmudreng skelk í bringu. Hvert mannsbarn í sveitinni veit að hann hrynur fram þegar sá dagur rennur að öll bæjartorfan kemst í eigu eins manns; guð lofi að þau ósköp verði ekki á okkar dögum segir gamla fólkið og hefur nautn af því að hræða lífsgoluna úr börnunum, þessum svínabestum sem allt éta. – Sól gljái á Hörgána og silungur lónar í hyljum.

Sæludagar bernskunnar tóku skyndilega enda. Jón Ólafsson lögréttumaður, fóstri Eldjárns, var kominn yfir sextugt og það var hár aldur í Hörgárdal á átjándu öld. Á útmánuðum 1755 lagðist hann, að líkindum í kvefsótt og lungnabólgu, og það reyndist banalega hans. Séra Þorlákur Þórarinsson greftraði hann á Möðruvöllum þann 16. apríl,<sup>57</sup> og þar stóðu þau í hnapp yfir moldum hans, Þórvör, Hallgrímur sonur

<sup>56</sup> *Öldin átjándi* I, bls. 184; Jón Helgason, *Öldin átjándi* II, bls. 60 (Reykjavík 1961).

<sup>57</sup> Prestþjónustubók Möðruvallaklausturs 1694-1784.

hennar, Eldjárn litli og sveitungarnir berhöfðaðir í næðingnum sem tvístraði misfölskum tónum sálmalagsins.

Þórvör tók sig upp með Eldjárn og fluttist að Bægisá til Hallgríms og Ólafar fögru. Móðurástar naut Eldjárn þó ekki lengi því að Ólöf dó sem fyrr segir 1757; raunar óvíst að hann hafi kært sig um atlot þessarar hálfókunnu og heilsulinu konu. Séra Hallgrímur kvæntist ekki á nýjan leik en hélt heimili með Þórvöru þar til hún lést, árið 1776.

Eldjárn líktist móðurfrændum sínum, Hrólfgangum, varð hár og sterkur og liðtækur við bústörfin heima á Bægisá. Og nú komst hann undir góðviljaðan en alvarlegan húsaga föður síns, var haldið að lærdómi og bænahaldi og fékk að kenna á vendinum eftir þörfum. Séra Hallgrímur kenndi honum latínu sjálfur og bjó hann að öðru leyti sem vandlegast undir skólanám, því að í skóla skyldi hann svo sem stétt hans og ætt stóð til. Hann var þrettán ára þegar hann fermdist, árið 1761, en faðir hans er sem jafnan orðspar í kirkjubókinni: „Les, 13 v[etra].“<sup>58</sup> Tveim árum seinna taldist pilturinn nægilega búinn undir skólanám og var sendur í Hólaskóla. Þórvör amma hans sagði líkast til fyrir um búnað hans og kvaddi hann með tárum á bæjarhlaðinu.

Hjaltadalur er næsta byggðarlag við Hörgárdal, hinum megin Tröllaskaga, og Eldjárn gjörþekkti leiðina úr ótal smalaferðum og sendiferðum fyrir föður sinn. Þetta var drjúg dagleið og hann rogaðist með niðþungar byrðar sínar fram dalinn og sem leið lá upp á Hjaltadalsheiði, um firnindin á milli Sandárhjúks og Illviðrishjúks, Hjaltadalsjökuls og Myrkárjökuls, og niður í Hjaltadal, meðfram Fúlinhyrnu og norður eftir Hólahaga. Höfuðstaður Norðurlands blasti við.

## 6. Að Hólum

Það hafði borið til árið 1752 að Halldór Brynjólfsson á Hólum veiktist af krabbameini í hálsi og tungu, „með stórkostlegri bólgu í kverkunum; var mállaus strax á föstu og það lá hann allt sumarið, gat gert vísbending um það hann vildi vera láta, annaðhvort skrifaði eður krítaði.“<sup>59</sup> Fór herra biskupinn utan um haustið að leita sér lækninga, var borinn til skips í rúmi sínu og „hafði með sér sína líkkistu og náklæði“.<sup>60</sup> Lá biskup alla útsiglinguna og andaðist á Eyrarsundi, nærri Kaupmannahöfn, var svo „begráfinn að Vorfrue-kirkju virðulega viðverandi biskupum þar og öðrum herrum.“<sup>61</sup> Og hefur sú utansigling verið daufleg.

<sup>58</sup> Prestþjónustubók Bægisár 1751-1785.

<sup>59</sup> *Annálar 1400-1800* III, bls. 619.

<sup>60</sup> *Annálar 1400-1800* IV, bls. 369.

<sup>61</sup> *Annálar 1400-1800* IV, bls 492.

Þóra biskupsfrú hefur líklega hresst sig ofurlítið á brennivíni á meðan hún beið fréttu af bónda sínum, enda segir séra Jón Steingrímsson, reyndar af litlum góðvilja í garð þeirrar mikilhæfu frúr, að hún væri „upp á það í drykkjuskap sínum að láta skólapilta spila, leika og slá á hljóðfæri fyrir sig í vissu húsi með öðru ónefndu.“<sup>62</sup> Eftir að hún varð ekkja fékk hún Reynistaðarklaustur en varð fyrir miklu tjóni þegar staðurinn brann og brást þá stórhöfðinglega við örlögum sínum.

Löngum voru biskupsembættin ekki aðeins hin virðulegustu í landinu heldur líka langtekjumeist. Óhagstæð verslunarkjör og langvarandi harðindi á 18. öld, ekki síst á 6. áratugnum, gengu hins vegar svo nærri eigum og tekjum biskupsstólanna að leitun var orðin á mönnum sem fýsti að gegna þessum mestu embættum landsins. Eftir andlát Halldórs Brynjólfssonar varð því bið á að heppilegur maður myndist til þess að taka við Hólastað. Loks fór þó svo, 1754, að Gísli Magnússon prófastur á Staðarstað var skikkaður til þess af konungi, nauðugur. Þann 4. ágúst 1755, mánuði áður en hann tók við staðnum, skrifaði biskupinn nýi Magnúsi Gíslasyni amtmanni frá Staðastað: „Ég vildi vinna til að sitja hér í nokkurn tíma upp á vatn og brauð alleina og vera laus við Hóla í því standi sem þeir eru nú.“<sup>63</sup>

Skólinn var síst í betra ásigkomulagi en stóllinn að öðru leyti. Í öðru bréfi, skrifuðu þann 29. september 1756, segir Gísli biskup að kennslustofan sé „bæði of þröng og dimm og rakinn svo geysimikill að vatnið, sem streymir eftir öllum þiljum og myndast neðan á loftinu, drýpur niður á fólk og bækur svo að klæði kennara og pilta rotna og skemmast. Allur þessi saggi er beint heilsuspillandi og ekki síst þungbær piltum er þeir verða að fara úr kennslustofunni út í ískalda dómkirkjuna eða eitthvað annað. Svefnherbergin eru gisin og halda hvorki úti regni, snjó eða frosti. Vantar í þau þiljur að innan og lokuð hvílurúm og eru þau yfirleitt svo að sæmilegur bóndamaður myndi naumast vilja nota þau fyrir hesthús. Auk þess vantar alls staðar í rúm fiðursængur og fiðurkotta, handklæði, rekkjuvoðir í rúm kennaranna, svo og léreftsver á koddana og allt eftir því ...“<sup>64</sup>

Fyrir atbeina Jóns Thorchilliusar og áeggjan Harboes sendibiskups var komið á nýskipan skólahalds á biskupsstólunum með mikum lagabálki árið 1743. Skyldu skólasveinar á Hólum vera 16 talsins eftirleiðis og áttu allir að njóta skólstyrks, svokallaðrar „ölmusu“. Af skrá Halldórs Hjálmarssonar konrektors um nýinnritaða pilta 1755-1801 er þó augljóst að skólasveinar hafa oftast verið miklu fleiri.<sup>65</sup> Fyrir því lögðu flestir þeirra með sér til viðbótar ölmusukostinum, en hann var:

<sup>62</sup> *Ævisagan og önnur rit*, bls.66.

<sup>63</sup> *Saga Íslendinga* VI, bls. 358-359.

<sup>64</sup> *Öldin átjándi* I, bls. 210; *Saga Íslendinga* VI, bls. 381.

<sup>65</sup> *Skólaraðir*, Sögurit XV, bls. 392-417 (Reykjavík 1918-1925).



Harðfiskur, smjör og brauð í format og venjulega heitur réttur í eftirmat, til að mynda grautur eða soðning.<sup>66</sup> Tveir piltar sváfu saman í hverju rúmi, nutu þannig hitans hvor af öðrum, og skyldu hafa undirsæng úr vaðmáli fyllta með heyi, sinn fiðurkoddann hvor, einar vaðmálsrekkjuvoðir saman og eina ábreiðu.<sup>67</sup> Um fiðursængur og léreftsver, eins og hjá kennurunum, var ekki að ræða. Vitanlega hafa líka oft orðið vanefndir á viðurgjörningi við skólapilta ekki síður en við kennarana.

Þrátt fyrir gríðarlega örðugar aðstæður braust Gísli í því á fyrstu árum sínum í biskupsembætti að láta reisa nýja dómkirkju á Hólum, steinkirkjuna sem þar stendur enn. Fjár til kirkjubyggingarinnar var m.a. aflað með álögum á kirkjur í Danmörku og Noregi og almennri söfnun þar í löndum og norðlenskir bændur voru skyldaðir til að vinna kauplaust við bygginguna eða útvega verkamenn í sinn stað. Olli þetta miklum kurr á meðal búandkarla, kölluðu þetta ólög og þverskölluðust sem þeir máttu. Skagfirðingar stóðu öðrum Norðlendingum síst að baki í þvermóðsku og kom Jón Snorrason sýslumaður þeirra litlu tauti við þá, var gæflyndur og óskörulegur og hlaut alvarlegar áminningar fyrir dugleysi sitt í bréfum frá Magnúsi Gíslasyni amtmanni.<sup>68</sup> Svo fór þó að lokum að dómkirkjan komst upp, turnlaus að vísu, og var vígð þann 20. nóvember 1763.

Eins og nærri má geta voru helstu fyrirmenn stiftisins viðstaddir þessa hátíðlegu athöfn. Gísli biskup annaðist vígsluna sjálfur „af predikunarstól með predikun, bænnum og blessan samt nokkrum nýjum lofsálmum“ og lagði út af spádómsbók Jesaja: „Ég vil gleðja þá í mínu bænahúsi og þeirra fórnir og brennioffur skulu mér þakknæmar vera á mínu altari“.<sup>69</sup> Biskupi til aðstoðar var dómkirkjupresturinn og prófasturinn í Vík, séra Halldór Jónsson frá Völlum, móðurbróðir Eldjárns Hallgrímssonar nýsveins.

Eldjárni hefur að líkindum orðið starsýnt á skrautlegt milligerðið, róðukrossinn með frelsaranum blæðandi, afmynduðum af beinkröm, og listilega útskorna altaristöfluna, með tveim hliðarvængjum, gjöf Jóns biskups Arasonar. Á predikunarstólinn voru máluð fegurstu bílæti af guðspjallamönnunum og upp af þeim gnæfði biskup mikilúðlegur.

Fremstu bekkir, næst milligerðinu, voru í læstum klefum og höfuðdyggðirnar málaðar í kvennalíki á þilið, til áminningar og umhugsunar. Þarna sat meðal annarra Hálfðan Einarsson rektor, hægri hönd biskups og átti nokkrum árum síðar Kristínu dóttur hans, vitur maður og góðgjarn en ófríður og hégómlegur í sumu, þóttist rammur að

<sup>66</sup> Jón Helgason. *Meistari Hálfðan*, bls. 66 (Reykjavík 1935).

<sup>67</sup> *Meistari Hálfðan*, bls. 57; *Saga Íslendinga* VI, bls. 382.

<sup>68</sup> *Saga Íslendinga* VI, bls. 368 o. áfr.; *Æfir lærðra manna*, þáttur Jóns Snorrasonar.

<sup>69</sup> *Annálar 1400-1800* IV, bls. 516

afli, en var í raun óstyrkur og lítil vexti.<sup>70</sup> Við hlið hans sat að líkindum konrektorinn, Jón Egilsson, vel lærður, góður kennari, lipur, þolinmóður og vinsæll af nemendum, mikill söngmaður og heppinn læknir og í flestu hinn mætasti maður, komst síðar í góð efni. Systurdóttir hans, Ragnhildur Tómasdóttir, kemur brátt við Eldjárnssögu.

Margir klerkar í Skagafirði voru viðstaddir, þar á meðal líklega Þorvaldur Jónsson í Hvammi, Grímólfur Illugason gamli í Glaumbæ, Jón Sveinsson í Goðdölum, Jón Jónsson, þá á Flugumýri en síðar prófastur á Hjaltastöðum, Þorvarður Bárðarson í Felli og Eyjólfur Sigurðsson á Hofi og síðar á Brúarlandi.

Prófastar stiftisins, auk Halldórs Jónssonar, voru Þorsteinn Pétursson á Staðarbakka, Jón Vídalín í Laufási og Hallgrímur Eldjárnsson.

Jón Snorrason fyrrnefndur var sýslumaður Skagfirðinga, tók við embættinu 1757. Hann átti Guðrúnu Skúladóttur fógeta Magnússonar og bjó við nokkra rausn á Ökrum, sem Skúli hafði látið húsa af miklum stórhug; naut þó ekki álits, drykkfelldur og ráðlítill.

Sveinn Sölvason lögmaður á Munkaþverá hafði farið með umboð Hólastóls um nokkurra ára skeið og Vigfús Hansson Scheving, síðar sýslumaður á Víðivöllum, var skólaráðsmaður. Þeir voru ólíkir menn, Sveinn flugvel gefinn, skáldmæltur og gleðimaður en hæðinn og stríðinn, Vigfús hins vegar „gæfur og ráðsvinnur í skapi, séður og fastheldinn, en ekki ör, og fór þó aldrei lítillmannlega“.<sup>71</sup>

Líkast til voru allir þessir höfðingjar viðstaddir víglsuathöfnina, og enn aðrir hafa þar verið þótt þeir séu hér ónefndir. Almúginn, þar á meðal vinnu- og ölmusufólk Hólastaðar, sat úti við dyr en einhvers staðar um kirkjumiðbik sátu skólasveinar.

Eldjárn var í Hólaskóla 1763-1770 að undanskildum vetrinum 1768-1769. Líklegt er að skólabræður hans á þessum árum hafi verið a.m.k. 50 talsins og yfir 20 þeirra voru viðstaddir kirkjuvígsluna. A.m.k. sex þeirra útskrifuðust strax vorið 1764, óvenju margir. Þar á meðal voru Jón Jónsson frá Löngumýri, sem síðar kemur stutt við sögu, og Þórður Jónson frá Völlum, móðurbróðir Eldjárns, „frægur raddmaður og frábær að næmi“<sup>72</sup>. Novi eða nýsveinar haustið 1763 voru venju fremur margir, níu að Eldjárni töldum.<sup>73</sup> Þar á meðal voru séra Snorri Björnsson á Hjaltastöðum, séra Gunnlaugur Gunnlaugsson á Hálsi í Fnjóskadal, séra Þorleifur Sæmundsson á Stað í Kinn, og Jón Johnsonius sýslumaður í Vigur, vel gefinn maður, skáldmæltur og lærður í fornum fræðum. Af öðrum skólabræðrum Eldjárns sem hljóta að hafa verið viðstaddir

<sup>70</sup> *Saga frá Skagfirðingum* I, bls. 93-94.

<sup>71</sup> *Saga frá Skagfirðingum* I, bls. 100.

<sup>72</sup> *Íslenskar æviskrár* V, bls. 105.

<sup>73</sup> *Skólaraðir*, bls. 397-398.

vísluathöfnina 1763 verður að nefna Sigurð Stefánsson síðar biskup á Hólum (úrskrifaður 1765), Jón Jónsson frá Völlum (1767), móðurbróður Eldjárns, síðar prest í Glæsibæ og á Myrká, séra Magnús Árnason í Fagranesi (1767) og séra Gunnar Hallgrímsson í Laufási (1767).

Á meðal yngri skólabræðra Eldjárns, sem ekki voru komnir í skólann 1763, var t.d. séra Hannes Scheving á Grenjaðarstað, sem síðar átti Snjólaugu tvíburasystur Eldjárns. Hannes útskrifaðist tveim árum síðar en Eldjárn, 1772, og þá útskrifðust líka yngri bræður Eldjárns, Jón og Þorsteinn. Sama ár útskrifaðist einnig Þorsteinn stúdent Jónsson í Reykjahlíð, sem fengið hefur þau eftirmæli að hann væri deilinn maður, illlyndur og ágjarn. Til hans hafa margir af áhrifamestu stjórnámálamönnum Íslands rakið ætt sína.

Einna sérlegastur af skólabræðrum Eldjárns var Eiríkur Laxdal, tekinn í skólann 1760 og útskrifaður 1765, prestssonur frá Hofi á Skagaströnd en fæddur (um 1743) í Hvammi í Laxárdal og kenndi sig við fæðingarsveit sína. Hann varð djákni á Reynistað 1767 en missti þann starfa vegna barneignar með Elínu Halldórsdóttur biskups Brynjólfssonar. Skömmu síðar fór hann til Kaupmannahafnar að stúdera teólógíu en missti Garðvist eftir eitt og hálf ári í námi vegna hégómlegs ágreinings við Garðprófast. Af fátæktarsökum neyddist Eiríkur nokkru síðar til þess að gerast háseti í danska sjóhernum en var leystur úr því háskasama standi vorið 1774 og var eftir það á flækingi í Kaupmannahöfn til vors 1775 og hefur víst oft verið kaldur og svangur þann vetur. Heimkominn var hann við búhokur í Kelduvík og á Neðra-Nesi á Skaga og varð reyndar hreppstjóri um skeið en flosnaði upp 1803, lagðist í flakk og dó lítils metinn á Stokkahlöðum í Eyjafirði sumarið 1816. „Mannaðist lítt“ segir Espólín um Eirík og Páll Eggert gefur honum þær einkunnir að hann væri „sérvitur, undarlegur og auðnulítill“. <sup>74</sup> Nýlátinn fékk hann þessi eftirmæli: <sup>75</sup>

*Víða hraktist, var snauður  
vanur að fletta blöðum  
nú er Laxdal nýdauður  
norður á Stokkahlöðum*

Eiríkur var talsvert rímnaskáld en eftir hann eru líka „eins konar sagnabálkar“, eins og Páll Eggert orðar það, Ólafs saga Þórhallasonar og Ólandssaga. Þóttu mönnum þessi skrif þarflítill um aldamótin 1800 og lengi síðan en nú, tveim öldum síðar, eru fræðingar loksins að lyfta Eiríki

<sup>74</sup> *Saga frá Skagfirðingum* I, bls. 106; *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 413.

<sup>75</sup> Pétur Guðmundsson. *Annáll nítjándu aldar* I, bls. 215 (Akureyri, óársett).

á stall sem frumkvöðli íslenskrar skáldsagnaritunar á síðari öldum.<sup>76</sup> Sannast svo enn að hugsanir okkar um heiminn og mennina eru skuggamyndir, þokusýnir dómgjarnra sem fara villir á heiðum tilverunnar.

Líf skólapilta var lengst af viðburðasnautt, mótaðist af bænnum og latínusöng í kaldri dómkirkjunni morgna og kvölds, fátæklegum máltíðum, tímasókn og lestri. Helst gat borið til tíðinda að einn og einn þeirra freistaðist til þess að fara með galdrastafi og annað þess háttar, einkum ef það mætti verða til þess að hann kæmist yfir kvenmann. Stöku sinnum kom líka fyrir að þeir kræfustu brúkuðu tóbak eða dreyptu á brennivíni en annars var helsta tilbreytingin að glíma og tuskast. Heimildum um Eldjárn ber saman um að hann hafi verið „karlmannlega vaxinn, hraustur að afli og frækinn“ og er líklegast að það orð hafi lagst á hann á skólaárum hans.

Eins og að líkum lætur bar sitthvað til tíðinda í landssögunni á skólaárum Eldjárns. Heklugos varð í apríl 1766 með landskjálftum og dynkjum og svo miklu öskufalli að hallæri varð norðan lands og víðar, því að „hestar, ásauður og jafnvel nautpeningur í húsum missti lífið“.<sup>77</sup> Fyrr sama ár „sálaðist úr langsömum veikleika vor sannkallaði allranáðugasti kongur og herra, Fridrich 5. (sem Íslandi vildi allt gott, hvað hann sýndi með sinni margfaldri geðgæsku og gjafmildi)“.<sup>78</sup> Sonur hans, hinn geðsjúki Kristján 7., settist í hásætið aðeins 16 ára og í hönd fóru miklir umbótatímar í danska ríkinu. Prestar og aðrir embættismenn úr austurhluta Hólastiftis, Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslum, sóru kónginum unga hollustu sína í Glæsibæ þann 15. september og embættismenn úr vesturhluta stiftisins gerðu slíkt hið sama þrem dögum síðar á Flugumýri. „Tók herra lögmaður Sveinn sem amtmanns fullmeztur alla þessa hyllingareiða norðan lands.“<sup>79</sup>

Móðurbræður Eldjárns, Þórður og Jón frá Völlum, yngri hálfbræður Halldórs dómkirkjuprests, voru sem fyrr segir eldri skólabræður hans og hefur hann haft af þeim mikinn styrk fyrstu skólavetur sína og þeir sennilega verið tilsjónarmenn hans eða tútorar, Þórður fyrst og síðan Jón. Líkast til hefur hann færst upp í efri bekk 1766, haustið áður en Jón frændi hans útskrifaðist. Sumarið 1767 var Eldjárn síðan hjá Jóni afa sínum á Völlum, sennilega í vinnumennsku og að einhverju leyti til lærdóms hjá Þórði frænda sínum, sem þá var orðinn kapellán hjá Jóni gamla. Þetta var veðurgott sumar.<sup>80</sup> Hollenskar duggur

<sup>76</sup> María Anna Þorsteinsdóttir. *Tveggja heima sýn: Saga Ólafs Þórhallasonar og þjóðsögunnar* (Reykjavík 1996).

<sup>77</sup> *Biskupasögur Jóns prófasts Halldórssonar*, með viðbæti, II, bls. 199 (Reykjavík 1911-1915).

<sup>78</sup> *Annálar 1400-1800 IV*, bls. 521-522.


<sup>79</sup> *Annálar 1400-1800 IV*, bls. 522.

<sup>80</sup> *Annálar 1400-1800 IV*, bls. 526.

lónuðu inn á Eyjafjörð að kaupa þrjónavörur við tóbaki, biskvíi og brennivíni og það var gaman ungum mönnum að damla út í þær á lognkyrrum kvöldum. Eldjárn var níttján ára og orðinn karlmenni.

Ein af griðkonum Jóns gamla á Völlum var áður nefnd Ragnhildur systurdóttir Jóns Egilssonar konrektors á Hólum, dóttir Tómasar Eiríkssonar og Ragnhildar Egilsdóttur, búandi hjóna á Marbæli í Óslandshlíð um miðbik aldarinnar og áður í Axlarhaga í Blönduhlíð.<sup>81</sup> Ragnhildur griðkona var níu árum eldri en Eldjárn en leist þó vel á piltinn og lagði hann hjá sér. Níu mánuðum síðar, líkast til vorið 1768, tók hún léttasótt og fæddi stúlku sem hún gaf nafnið Kristín og hefur trúlega beðið séra Þórð, ömmubróður telpukornins, að framkvæma skírninga.

Nú varð það, sem áður er sagt, að Hallgrímur Eldjárnsson fékk Laufás vorið 1768 en Grenjaðarstað skömmu síðar, fluttist að Laufási í fardögum en þaðan að Grenjaðarstað í september. Við Laufási tók þá nýnefndur Jón Egilsson, móðurbróðir Ragnhildar Tómasdóttur, og hjá honum er hún talin til heimilis 1769.<sup>82</sup> Hún giftist nokkrum árum seinna og er úr sögunni en Kristínar dóttur þeirra Eldjárns verður getið í drögum að niðjatali hans.



Barneignin varð til þess að Eldjárni var vísað úr skóla veturinn 1768-1769, sem vænta mátti. Samkvæmt venju var hann tekinn aftur í skólann næsta ár og útskrifaðist vorið 1770.

Ártalið 1770 er oft talið marka upphaf upplýsingaraldar í Íslandssögunni en það var annars konar upplýsing en flóðlýsing okkar tíma, sem enga mannlega athöfn lætur ólýsta. Enn gat það hent að menn fæddust, bollökuðu, gætu börn og dæju drottni sínum án þess að komast á nokkra skrá, nafnlausir, eins og þeir hefðu aldrei lifað. Eftir að Eldjárn útskrifaðist hverfur hann sjónum allra helstu skrásetjara íslenskrar persónusögu. Jón Espólín, Gísli Konráðsson, Sighvatur Grímsson,

<sup>81</sup> Guðmundur Sigurður Jóhannsson. *Ættir Austur-Húnavtinga*, bls. 982.

<sup>82</sup> Indriði Þorkelsson. *Milli hafs og heiða*, bls. 111 (Reykjavík 1947).

Hannes Þorsteinsson og Páll Eggert Ólason – enginn þeirra kann nokkuð að segja af Eldjárnri næstu árin eftir 1770.

Einn sagnaritari segir raunar örstutt frá tilvist Eldjárns á þessum árum, séra Pétur Guðmundsson í Grímsey: „Útskrifaður úr Hólaskóla 1770, varabiskupsskrifari á Hólum til 1779“, segir hann.<sup>83</sup> Ekki er nú kunnugt um nein skjöl sem styðji þessa sögn, en séra Pétur var skagfirskur að ætt og hefur haft traustar heimildir um líf Eldjárns.<sup>84</sup> Áðurnefnd tengsl Hallgríms Eldjárnssonar og Gísla hafa orðið til þess að biskup tók Eldjárn í sína þjónustu.

Það hefur varla verið mikið starf að vera „varabiskupsskrifari“ en sveinn Gísla biskups hefur Eldjárn verið, hlaupið í skarðið fyrir biskupsritara og líklega verið í förum bæði með biskupi og fyrir hann og meistara Hálfðan Einarsson. Á efstu árum biskups „sótti að honum óstyrkur í þeirri hægri hendi, sjóndepra, fótaveiki og heyrnardeyfa“, svo að hann var naumast rólfær síðustu sex æviár sín.<sup>85</sup> Honum veitti því ekki af knáum þénustumönnum.

Þórvör amma Eldjárns andaðist sem fyrr segir á Grenjaðarstað 1776 og þrem árum síðar létust þeir aðrir sem næstir honum stóðu: Hallgrímur faðir hans, Jón afi hans á Völlum og Gísli biskup. Þetta voru mikil umskipti og bar brátt að því að allir þrír dóu á rétt rúmum mánuði, Gísli þann 8. mars, Jón gamli „æðisgengni“ og „frá sér numdi“ 6. apríl og Hallgrímur sex dögum síðar, 12. apríl.

Um vorið fór Eldjárn að líkindum austur í Þingeyjarsýslu að vera við jarðsetningu föður síns. Frá búskiptum hefur þó ekki verið gengið fyrir en haustið 1780, þegar Grenjaðarstaður var afhentur eftirmanni séra Hallgríms, Einari Thorlaciusi. Afhendingin var með öllu hnökralaus, eftir því sem séð verður.<sup>86</sup> Höfðu þeir hana með höndum, Þorsteinn bróðir Eldjárns og Hannes Scheving mágur þeirra, enda hafði Hannes verið tengdasonur og aðstoðarmaður séra Hallgríms frá 1775 og Þorsteinn djákni á Grenjaðarstað frá 1779. Hannes var mikill búhöldur, verklaginn og hagsýnn, og það er næsta víst að staðurinn hefur verið í prýðilegu standi í höndum hans og Hallgríms. Þrátt fyrir það hefur líkast til ekki verið mikill auður í garði Hallgríms eftir þann usla sem fjárkláðinn olli. Víst er að Eldjárn hafði ekki að neinu erfðagóssi í Þingeyrjarþingi að hverfa heldur bjó hann áfram í Skagafirði. Hólavist hans var nú hins vegar lokið.

<sup>83</sup> *Annáll níjtjándu aldar* I, bls. 349.

<sup>84</sup> Sbr. *Skagfirzkar æviskrár 1850-1890* I, bls. 76-77 (Akureyri 1981).

<sup>85</sup> *Biskupasögur Jóns prófests Halldórssonar* II, bls. 202.

<sup>86</sup> *Prestaæfir*, þáttur um Hannes Scheving.

## 7. Á Hofi

Það bar til stórtíðinda haustið 1780 að Reynistaðarbræður urðu úti á Kili með fé því sem þeir höfðu keypt á Suðurlandi, til viðreisnar kúgildum staðarins eftir fjárkláðann. Foreldrum þeirra féll þungt að lík þeirra fundust ekki og því var það að þau leituðu eftir aðstoð „sjáanda“ nokkurs af Suðurlandi ef vera mætti að hann kæmist að því hvar líkin væru niðurkomin. Galdra-Páll var hann kallaður, skröggur á níræðisaldri. Þetta var enginn annar en Páll Halldórsson á Árvelli, bróðir Jóns gamla á Völlum og því afabróðir Eldjárns. „Hann var einn til fenginn og settist í kofa einn á Reynistað, og var þar myrkt; vildi hann engan láta til sín koma, og ei vildi hann hlýða lestri ...; lét hann svo sem hann mætti vita, hvar lík þeirra bræðra voru, en kvað þó glapta sjón fyrir sér og engan mega að komast ... En er hann hafði nokkra stund að þessu verið, tók hann sótt þá, er leiddi hann til bana. Bað hann þá láta grafa sig í þúfu einni á vellinum að Reynistað, en ei hyggjum vér það gjört sem hann bað“, segir Espólín í Skagfirðingasögu sinni.<sup>87</sup>

Nú fóru í hönd örðugir tímar, mikið hafísár 1782, Skaftáreldar 1783 og síðan móðuharðindin til 1785. Húsakostur margra prestsetra var illa farinn og kúgildin víða gjörfallin þegar hér var komið sögu. Sú kvöð hvíldi á presti sem tók við föllnum stað að endurreisa bæði hús staðarins og kúgildi eftir bestu getu og þótti mönnum ekki alltaf eftirsókn í því hlutskipti. Þeir sem töldust til andlegrar stéttar gátu búist við því að verða skikkaðir til þess að taka við einhverjum vondum stað og fyrir kom að menn forðuðust slíkt með því að segja sig úr stéttinni. Svo var t.d. um Þorstein, son séra Jóns Sveinssonar í Goðdölum; hann tilkynnti Árna biskupi Þórarinssyni haustið 1785 að hann gæti ekki talið sig með mönnum andlegrar stéttar og bar við veikindum.<sup>88</sup> Þorsteinn bjó síðan í Gilhaga og Húsey, var talinn með helstu bændum Skagafjarðar og kenndi sér löngum einskis meins.

Eldjárn kemur einmitt við sögu í bréfabók Árna biskups þetta sama ár, 1785. Biskup getur hans þar á meðal þeirra stúdenta sem hætta voru að stunda guðfræði og gátu því ekki talist á meðal prestsefna framfar – bætir því síðan við að hann hafi góðar gáfur en „sýnist frábitinn studii“. <sup>89</sup> Eldjárn kærði sig með öðrum orðum ekki um að verða prestur, og fór í því sem Þorsteini frá Goðdölum.

Eldjárn var lengi vistum á Hofi Höfðaströnd eins og marka má af því sem Sigfús föðurbróðir hans í Höfða segir um hann í Tíðarvísunum sínum við árið 1787.<sup>90</sup>

<sup>87</sup> *Saga frá Skagfirðingum* I, bls. 112.

<sup>88</sup> *Íslenskar æviskrár* V, bls. 216.

<sup>89</sup> *Æfir lærðra manna*, þáttur um Eldjárn.

<sup>90</sup> *Æfir lærðra manna*, þáttur um Eldjárn.

*Eldjárn frændi ofurgaf  
Ingibjörgu á Hofi seint  
hann er kvændur hinni af  
hafði í mörgu tryggðir reynt.*

Sighvatur Grímsson túlkar vísu Sigfúsar svo að Eldjárn væri „lengi á Hofi á Höfðaströnd hjá Ingibjörgu dóttur Ólafs Jónssonar bryta, í miklu uppáhaldi“ og Hannes Þorsteinsson giskar á að þau hafi verið trúlofuð.<sup>91</sup>

Hof á Höfðaströnd var 80 hundruð að fornu mati, fjörgild á við meðaljörð og ein mesta jörð í Skagafirði. Það er því merkilegt og óvenjulegt að Ingibjörg bjó þar lengi ógift og stóð fyrir búi, fyrst ein en síðan með syni sínum, Sigurði Jónssyni, til 1804; var þá orðin hálfátræð, f. um 1729. Hún var ein af sautján alsystkinum, svo að ekki kom henni auður úr föðurgarði. Þeim mæðginum búnaðist þó, sem marka má af því að Sigurður gat keypt jörðina Á í Unadal, 30 hundruð að fornu mati, þegar eignir Hólastóls voru boðnar upp 1802.<sup>92</sup> Má vera að Ingibjörgu hafi brugðið til föður síns um skaplyndi og skörungsskap; hann var „gildlegur maður“ og „mikill fyrir sér og svakasamur“.<sup>93</sup> Ætterni Ingibjargar, fremur en skapsmunir, hefur þó ráðið því að hún fékk Hof til ábúðar.

Í manntalinu 1762 kemur fram að Ingibjörg Ólafsdóttir var þá húskona á Hofi, en búendur þar voru þá séra Eyjólfur Sigurðsson og kona hans, og koma brátt til sögunnar. Tveim árum síðar vék séra Eyjólfur af jörðinni fyrir Jóni Snorrasyni sýslumanni, sem þá fluttist frá Stóru-Ökrum. Ingibjörg gerðist nú ráðskona hjá Jóni sýslumanni og Guðrúnu konu hans, Skúladóttur fúgeta Magnússonar, en þeim varð „ei mjög búsælt“ á Hofi og hafði „Guðrún lítið atlæti“; var Jón „drykkjumaður mikill og gekk margt að óskilum“, en Ingibjörg „réði ... því er hún vildi; varð þá ærið útdráttarsamt“, segir Espólín í Skagfirðingasögu sinni, íbygginn sem oftast.<sup>94</sup> Annars staðar er enn meira gefið í skyn, sagt að Ingibjörg væri „að lagi með Jóni sýslumanni“.<sup>95</sup> Að Jóni látnum, 1771, fékk Ingibjörg ábúðina á Hofi, enda hafði hún staðið fyrir búskap þar og vissi umráðamaður jarðarinnar því að hverju var að ganga, var líklega sáttari við framgöngu Ingibjargar en Espólín. En það spillti varla fyrir Ingibjörgu að hún var talsvert skyld umráðamanninum, Jóni Steingrímssyni, eldklerkinum sem síðar varð. Faðir hennar, Ólafur bryti, var dóttursonur Steingríms Guðmundssonar á Hofi í Vesturdal, þess sem *Steingrímsætt yngri* er kennd

<sup>91</sup> Sjá áður nefnda þætti þeirra um Eldjárn í *Prestaeðfum* og *Æfum lærðra manna*.

<sup>92</sup> Sala Hólastólsjarða í Skagafirði 1802, eftir Gísla Magnússon, *Skagfirðingabók* 5, bls. 141.


<sup>93</sup> *Saga frá Skagfirðingum* I, bls. 46 og 56.

<sup>94</sup> *Saga frá Skagfirðingum* I, bls. 93.

<sup>95</sup> Gísli Konráðsson: *Húnavetninga saga* I, bls. 222 (Reykjavík 1998).



við. Annað barnabarn Steingríms og Solveigar konu hans var Steingrímur bóndi á Þverá, faðir séra Jóns.



Premenningsfrændsemi þætti víst ekki náin nú til dags en séra Jón leit öðruvísi á, notaði orðið „náfrænda“ um fjórmennina sína.<sup>96</sup>

Hof hafði verið erfðaóðal Jóns Vigfússonar klausturhaldara á Reynistað, sem þar dó haustið 1752, úr drykkjuskap og heldur óvirðulega ef marka má frásögn séra Jóns Steingrímssonar.<sup>97</sup> Kona klausturhaldarans var Þórunn Scheving og synir þeirra, Jón og Vigfús Scheving, eignuðust Hof að föður sínum látum. Seinni maður Þórunnar, gift 1753, var einmitt séra Jón Steingrímsson, líklega ekki óvilhallur fyrri manningum; varð hann nú tilsjónarmaður með eignum konu sinnar og stjúpbarna, ósmáum; lét m.a. lesa upp lögfestu sína á Hofi á manntalsþingi þar þann 2. júní 1755.<sup>98</sup> – Reyndar var Ingibjörg Ólafsdóttir líka „náfrænka“ Þórunnar konu hans, eins og enn verður sagt.

Eldjárn var ekki eini stúdentinn sem Ingibjörg á Hofi dróst að. Þegar hún var hálfertug að aldri komst hún í náin kynni við tvítugan nýstúdent úr Hólaskóla og eignaðist með honum son sinn áður nefndan, Sigurð Jónsson, f. um 1765. Stúdentinn ungi var Jón Jónsson frá Löngumýri, sem nokkrum árum síðar eignaðist annan son í lausaleik, Jón ríka á Brúnastöðum. Jón stúdent hefur líklega verið Jóni sýslumanni Snorrasyni til aðstoðar á Hofi veturinn eftir að hann lauk prófi, 1764-1765, og Ingibjörg lét sér annt um piltinn. Síðar lauk hann bæði bakkalárusprófi í heimspeki og lögfræðiprófi frá Hafnarháskóla og er líklega sá Jón Jónsson sem gerðist skólakennari í Kristjaníu í Noregi. Að öðru leyti er allt á huldu um örlög þessa kvenholla gáfumanns.<sup>99</sup>

Jón stúdent hvarf sem sagt úr lífi ráðskonunnar á Hofi, til annarra kvenna og á vit annarra örlaga, nóturlega nafnlaus í fremd sinni. Ugglaut myndu nú fleiri muna Jón Jónsson frá Löngumýri hefði hann orðið „Jón Jónsson bóndi á Hofi“ en ekki „Jón Jónsson lögfræðingur og skólakennari í Kristjaníu“.

<sup>96</sup> *Ævisagan og önnur rit*, t.d. bls. 113.


<sup>97</sup> *Ævisagan og önnur rit*, bls. 105-106

<sup>98</sup> Dóma- og þingbækur Skagafjarðarsýslu.

<sup>99</sup> *Skagfirzkar ævikrár 1850-1890* VI, bls. 84 (Sauðárkróki 1992); Gunnlaugur Haraldsson. *Lögfræðingatal* II, bls. 445 (Reykjavík 1993).

Ingibjörg Ólafsdóttir var enginn aukvisi. Hún bjó á einhverri mestu jörð í Skagafirði, var „einstæð móðir“ og tók auk þess að sér systurson sinn, Jónas Jónsson, f. 1773, ól hann upp og kom til mennta. Jónas varð síðar prestur í Nesi í Aðaldal, á Höfða í Höfðahverfi og loks í Reykholti í Borgarfirði. Hann var faðir Þórðar háyfirdómara, eins áhrifamesta embættismanns landsins um miðbik 19. aldar.

*Ólafur Jónsson bryti á Hólum*



Um Ingibjörgu á Hofi segir Espólín: „Átti barn ... keypti meydóm“.<sup>100</sup> Þessu orðalagi, „keypti meydóm“, bregður víðar fyrir hjá Espólín og lærisveini hans, Gísla Konráðssyni; karlaleg drýldni yfir svolítið groddalegri en aðeins hálfagðri gróusögu um einhverja kvenpersónu sem ekki var alveg einskis verð í samfélaginu. Ingibjörg hafði gerst brotleg með manni andlegrar stéttar og til þess að geta átt annan mann sömu stéttar varð hún að fá uppreisn hjá konungi og það kostaði auðvitað fé; það fé átti Ingibjörg og því þótti körlunum við hæfi að flimta með það að hún hefði keypt sig „hreina“. Allur sá grúi presta og annarra karla sem féll í holdsins freistni og keypti sér uppreisn konungs naut hins vegar virðingar og jafnvel aðdáunar fyrir karlmennsku sína.

Ingibjörg og Eldjárn vildu sem sagt eigast og leituðu eftir uppreisn konungs Ingibjörgu til handa til þess að svo mætti verða. Líkast til hefur þetta verið skömmu eftir að Hólavist Eldjárns lauk, því að hann var kominn að Hofi þegar árið 1780. Þann 22. ágúst þá um sumarið bar hann vitni á héraðsþingi í Hofsóskaupstað og er þá nefndur „Eldjárn Hallgrímsson á Hofi“.<sup>101</sup> Á manntalsþinginu á Hofi fyrir sama sumar komu fyrir réttinn ábúendur Hofstorfunnar: Ingibjörg á Hofi, Guðmundur í Ártúnum og Rasmus Lynge í Hvammkoti og lögðu fram umkvörtun vegna átroðnings sem þau máttu þola á landi sínu vegna verslunarinnar á Hofsósi allan ársins hring – Skagfirðingar enda hrossamargir í kaupstaðarferðum þá sem sem löngum fyrr og síðar.<sup>102</sup> Það fer því ekki á milli mála að það var Ingibjörg sem stjórnaði húsum og búi á Hofi um þessar mundir og hafði Eldjárn hjá sér.

Hofsóskaupmaður um þetta leyti var Johan Rieman. Assistent hans hét Holm og beykirinn, sem átti hús á Hofi, hét Peter Andersen. Á milli

<sup>100</sup> Jón Espólín. Ættatölubækur III, 2109.

<sup>101</sup> Dóma- og þingbækur Skagafjarðarsýslu

<sup>102</sup> Dóma- og þingbækur Skagafjarðarsýslu

Þessara herra manna varð mikill styr árið 1781, eins og fram kemur í Dóma- og þingbók Skagafjarðarsýslu. Að vísu er ýmislegt mjög óljóst um málsatvik í dómabókinni en svo er þó að sjá sem assistentinn hafi komið út með skipi kaupmanns vorið 1780. Kaupmannsfrúin, madame Rieman, og systir hennar, jómfrú Buch, virðast einnig hafa verið á skipinu og jómfrúin eða jafnvel þær báðar komist í heldur of nán kynni við assistent Holm.

Kona beykisins hét Anna Metta og þjónustustúlka Guðrún Halldórsdóttir. Þær hafa víst hent eitthvert gaman að ástarbrandinum Holm og slúðrað um kynni hans við dömurnar í kaupmannshúsinu. Kaupmaður undi þessu stórilla og las þeim pistilinn í beykishúsinu þann 7. febrúar 1781, æpti á Guðrúnu að hún væri hóra og þjófur og veittist að beykiskonunni fyrir þær sakir að hún hefði baktalað kaupmannsfrúna og systur hennar og sveigt að „jómfrúelsi“ systurinnar, bæði í Kaupmannahöfn og síðan á skipinu; orðum sínum til áherslu barði hann krepptum hnefa í baðherbergisborð og æpti „það er móðir hennar borð“, hefur líklega fundist þau hjón fá litlar þakkir fyrir borðlánið.

Slúðrið í beykishúsinu var víst ekki alveg að tilefnislausu. Þann 20. maí 1780 var assistant Holm að störfum í sláturhúsinu á Hofsósi þegar kaupmaður kom þar að og beykirinn í fylgd með honum. Kaupmaður var æfur af reiði og skipaði Andersen beyki að negla aftur dyr og glugga á húsinu og vildi að „sá hundur“ skyldi svelta þar inni. Beykirinn neitaði að vísu að verða við þessari frómu ósk en kaupmaður tók þá öxi hans og sló henni í dyr hússins og kastaði grjóti í húsið; sakaði assistentinn auk þess um að vera með fransós.

Um allt þetta báru ýmsir vitni á héraðsþingi í Hofsóskaupstað þann 7. júní 1781, þar á meðal beykirinn og Jörgen Holm, 17 ára sonur assistentsins. Madame Rieman var hins vegar undanþegin vitnisskyldu og jómfrú Buch afsagði með öllu að vitna, þótt hún væri í næsta húsi og í engan máta hindruð af veikleika, sagði sýslumann mega dæma sig í bætur þar fyrir sem hann vildi.

Eins og oft vill verða í miklum hitamálum snerist deilan nú ekki lengur um kjarna málsins heldur um aukaatriði, sem sagt áður nefnd meiðyrði kaupmanns við beykiskonuna og þjónustustúlku hennar. Fyrir þessi meiðyrði lagði Andersen beykir nú fram kærú á hendur kaupmanni og fékk Þorleif Cláus Brynjólfsson, bróður Halldórs biskups, til að flytja málið fyrir sig. Til varnar fyrir kaupmann var monsjör Eldjárn Hallgrímsson.<sup>103</sup> Ugglaust hefur hann að heldri manna hætti borið hvítt parruk í réttinum og gengið í hnésiðum flauelskjól, hnébuxum og jafnvel

---

<sup>103</sup> Sjá um þetta allt saman færslur um héraðsþingið í Hofsóskaupstað 7. júní 1781 í Dóma- og þingbókum Skagafjarðarsýslu.

silkisokkum.<sup>104</sup> Ekki fer sögum af tilþrifum hans í réttarhaldinu en sættir náðust þó í málinu skömmu síðar og féll það svo niður.

Eldjárn var sem sagt í vinfengi við Hofsóskaupmann, kunnir nóg fyrir sér í lögum til að taka að sér málsvörn hans og naut virðingar. Hann var þingvottur og meðdómsmaður á héraðsþingum í Hofóskaupstað 1784 og 1787 en kemur annars ekki við mál á þessum árum. Svo virðist sem hann hafi verið hjá Ingibjörgu á Hofi fram í fardaga árið 1786 a.m.k. því að Jónas systur- og uppeldissonur hennar lærði hjá honum undir skóla en innritaðist ekki í Hólaskóla fyrr en 1787. Jónas var „mikill gáfumaður, vel að sér, kennimaður góður“.<sup>105</sup> Líkast til hefur uppfræðsla Eldjárns því verið hin sómasamlegasta þótt ekki sé þess getið að fleiri piltar hafi lært undir skóla hjá honum.

## 8. Kvændur hinni af

„Hann er kvændur hinni af“ segir séra Sigfús í Höfða um Eldjárn bróðurson sinn árið 1787. Þessi „hin“ var Krístrún Eyjólfsdóttir, f. um 1763 og því um 15 árum yngri en Eldjárn, fögur „hrings lín“ og dóttir prestshjónanna í sveitinni, áður nefndra, séra Eyjólfss Sigurðssonar og Guðrúnar Pálsdóttur á Brúarlandi í Deildardal. Eins og áðan sagði virðist Eldjárn ekki hafa farið frá Ingibjörgu á Hofi fyrr en í fardögum 1786 og orðalag sr. Sigfúsar tekur af vafa um að hann hefur kvænst Krístrúnu ekki síðar en 1787. Hugur hans til þessara kvenna hefur því snúist í nokkurri skyndingu, hvað sem valdið hefur. Eftirfarandi vísa er e.t.v. til vitnis um þessi sinnaskipti Eldjárns:

*Tárin renna títt um kinn  
tek ég svo til mála  
aldrei kemur hann Eldjárn minn  
utan frá Þönglaskála.*


Ekkert er nú vitað um tildrög vísunnar en þó fer ekki hjá því að hún leiði hugann að Ingibjörgu á Hofi.<sup>106</sup>

Séra Eyjólfur, faðir Krístrúnar, var fæddur 1722 í Hólakoti á Höfðaströnd, sonur hjónanna þar, Ólafar Sturludóttur og Sigurðar bónda Halldórssonar bónda á Klóni í Hrolleifsdal Guðmundssonar.

<sup>104</sup> Sbr. *Klæðaburður íslenskra karla á 16., 17. og 18. öld*, e. Æsu Sigurjónsdóttur, bls. 54-56 (Reykjavík 1985).

<sup>105</sup> *Íslenzkar æviskrár III*, bls. 337.

<sup>106</sup> Vísan er prentuð í bók Jóhanns Sveinssonar frá Flögu í Hörgárdal, *Höldum gleði hátt á loft*, en Jóhanni er alveg ókunnugt um tilurð hennar, getur þess aðeins sem augljóst er að hún sé annaðhvort um Eldjárn Hallgrímsson eða Eldjárn Hallsteinsson.



Ekki voru þessir frændur neinir höfðingjar en fyrir einhverja tilviljun í skagfirsku mannlífi hefur Steinn biskup haft eða fengið velþóknun á foreldrum Eyjólfs og því tekið hann í Hólaskóla, árið 1738. Meðalnámslengd í skólanum um þetta leyti var 5 ½ ár. Eyjólfur lauk hins vegar ekki námi fyrr en 1746 og hefur því líklega ekki verið vel undir skólann búinn. Í ársbyrjun 1747 gerðist hann aðstoðarprestur séra Jóns Helgasonar í Hofspingum. Séra Jón missti nær allan fénað sinn í harðindunum 1754-57 og sagði af sér prestskap snemma árs 1758 og þá tók Eyjólfur við af honum. Þau Guðrún bjuggu í Enni á Höfðaströnd til 1757, á parti úr Hofi 1757-64 en síðan á Brúarlandi, vildisjörð sem gerð hafði verið að prestssetri Hofspinga með tilskrifum þann 17. apríl 1761.<sup>107</sup> Eyjólfur er svo lýst að hann var „knár og fylginn sér, starfsmaður mikill, en búnaðist lítt, sæmilega gefinn, en þrálýndur, ... ör og málhvatur við öl, greiðamaður og raungóður“ – og hefur margur hlotið dauflegri eftirmæli.<sup>108</sup> Hann dó með þeim hætti sumarið 1794 að hann féll af hestbaki í Grafará og var rakið til þess að maður í sveitinni hefði áður veitt honum áverka en ekkert sannaðist þó í því máli.<sup>109</sup>

Guðrún Pálsdóttir, f. 1721 á Höskuldsstöðum á Skagaströnd, var miklu meiri ættar en bóndi hennar, m.a. af *Steingrímsætt eldri* í báðar ættir. Móðir hennar hét Guðrún Magnúsdóttir, f. um 1686, d. 1767, dóttir Magnúsar Jónssonar bónda á Ljótstöðum á Höfðaströnd og Guðrúnar konu hans Þorsteinsdóttur lögréttumans á Framnesi í Blönduhlíð Steingrímssonar. Eftir lát bónda síns, 1721, bjó Guðrún Magnúsdóttir á Ljótstöðum í félagsbúi við tvær systur sínar; voru þær „Ljótstaðasystur“ skörungar miklir, vel efnaðar og kunnar úr þjóðsögum.<sup>110</sup>

Bóndi Guðrúnar frá Ljótstöðum var Páll Jónsson prófastur á Höskuldsstöðum, f. 1657, d. 1721 sem fyrr segir, bróðir Steins biskups. Foreldrar þeirra voru Guðrún Steingrímsdóttir, systir Þorsteins lögréttumans á Framnesi áður nefnds, og maður hennar Jón prestur og


<sup>107</sup> *Skagfirðingabók* 5, bls. 106.

<sup>108</sup> *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 462-463.

<sup>109</sup> *Saga frá Skagfirðingum* II, bls. 13 (Reykjavík 1977).

<sup>110</sup> Sjá einkum *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. Safnað hefur Jón Árnason. Nýtt safn, III, bls. 419-420 (Reykjavík 1968).

skáld á Hjaltabakka á Ásum Þorgeirsson bónda í Ketu á Skaga Steinssonar. Voru þau Guðrún frá Ljótstöðum og Páll bóndi hennar skyld að 2. og 3. af Steingrímsætt eldri og því m.a. í ætt við Ingibjörgu Ólafsdóttur á Hofi og Þórunni Scheving, konu séra Jóns Steingrímssonar.



Dætur Guðrúnar og séra Eyjólfis á Brúarlandi sem á legg komust, auk Krístrúnar, voru Ingunn, f. 1753, og Kristín, f. 1757. Kristín Eyjólfisdóttir átti bónda í sveitinni, Þórð Grímólfsson á Kambi í Deildardal. Maður Ingunnar var séra Benjamín Jónsson, aðstoðarprestur og síðar eftirmaður séra Eyjólfis, „haldinn einna gildastur til þreks skólamanna sér samtíðis, gæfur og mjúkur í skapi, en ræðumaður í meðallagi, meðalmaður á vöxt, fullkominn og þreklegur“;<sup>111</sup> á meðal barna þeirra Ingunnar var Jón yngri, verslunarmaður í Hofsós og Reykjavík og fyrsti lögregluþjónninn á Íslandi.

Eins og jafnan í hallærum jukust gripdeildir í móðuharðindunum og það svo að kalla mátti að styrjöld ríkti í landinu á milli þeirra sem áttu og hinna sem sultu; má lesa mörg dæmi um það í dómabókum að hinir sveltandi voru svo „frá sér numdir“ að þeir stálu nánast fyrir augum hinna megandi, í fullkominni vissu þess að þeir yrðu snarlega dæmdir í ævilanga þrælkun eða jafnvel frá lífinu. Kristín og Þórður á Kambi lentu í þeirri ógæfu að nágranni þeirra, Jón Jónsson á Grindum, bar á þau sauðþjófnað. Málið var tekið fyrir á manntalsþingi á Hofi þann 10. júní 1785 en upplýstist ekki og féll því niður án dóms.<sup>112</sup> Þrátt fyrir þessi úrslit lagðist þjófnaðarorð á Þórð og raunar á ýmsa niðja hans.<sup>113</sup> Eldjárn var hagorður eins og hann átti kyn til og varla hefur vísa hans um Þórð dregið úr ryktinu.<sup>114</sup>

<sup>111</sup> *Saga frá Skagfirðingum* II, bls. 11.

<sup>112</sup> Dóma- og þingbækur Skagafjarðar.

<sup>113</sup> *Saga frá Skagfirðingum* III, bls. 53 (Reykjavík 1978); *Skagfirzkar æviskrár 1850-1890* II, bls. 150, 216-217; *Skagfirzkar æviskrár 1850-1890* III, bls. 240 (Akureyri 1985).

<sup>114</sup> *Ættatölur Steingríms Jónssonar biskups*, 4797.

*Þórður kallinn Kambi á  
kænn til lands útvega  
í hólunum marga hefur sá  
holuna dáfallega*

Líkast til hefði Eldjárn þó látið það vera að banga þetta hefði hann vitað að þeir Þórður yrðu von bráðar svilar.

Liðlega tveim áratugum síðar, á hérðaðsþingum á Hofi 20. júlí og 31. ágúst 1807, voru Eldjárn og Þórður á Kambi reyndar báðir í flokki nokkurra bænda sem neituðu að greiða prestinum, séra Benjamín Jónssyni, tíund af jörðum þeim sem þeir höfðu keypt á uppboði Hólastólsjarða árið 1802.<sup>115</sup> Mágaástir voru því ekki alltaf miklar með tengdasonum prestshjónanna á Brúarlandi.

Kristrúnu konu sinni unni Eldjárn hins vegar, ef marka má nafnstuðlun eða nafnstafavísu sem hann orti henni:<sup>116</sup>

*Kveikist lukKu röK riK  
Röðuls hverRa gRund þéR  
Í sInni sÍn meI  
SómanS lýSi æ príS  
Tæmi þrauTa rýrT róT  
RíkuR harRi dýrðaR  
Uns fráUmin naUð þÚ  
Náir skíNa hríNgs líN*

Þetta eru eins konar „griplur í æðra veldi“ og bera með sér að höfundurinn hefur verið vel kunnugur latínukveðskap en jafnframt haft frumleik til þess að þróa gamalþekkt form. Eins og sjá má kemur nafn Kristrúnar þarna fram fjórum sinnum, í fyrstu og síðustu bókstöfum hendinganna og auk þess tvívegis í innstöðu í hverri hendingu. Þrautina tekst Eldjárnri ekki að leysa nema með því móti að horfa fram hjá mismun breiðra og grannra sérhljóða, þar á meðal ypsilons og einfalds *í* og *i*. En þrátt fyrir þennan hnökra er vísan ort af íþrótt og ekki á allra færi að leika þessa stuðlapraut eftir.

## 10. Börn og barningur


Næstu þrjátíu árin eftir móðuharðindin voru tímar gríðarlegra breytinga og byltinga. Bandaríki Norður-Ameríku fetuðu fyrstu skrefin sem sjálfstætt ríki, stjórnarbyltingin mikla varð í Frakklandi og Napóleón Bónaparte náði þar síðan völdum, linnulítill ófriður geisaði í Evrópu allt

<sup>115</sup> Dóma- og þingbækur Skagafjarðar.

<sup>116</sup> Lbs. 851 4to, bls. 257 (Kvæðasafn eptir ýmis skáld ýmislegs innihalds samasafnað af Hallgrími Jónssyni).

til 1815 og jafnframt var iðnbyltingin sem óðast að breyta ásýnd borga og högum fólks í álfunni vestanverðri. Á Íslandi bar það m.a. til tíðinda að einokunarverslunin var aflögð 1787, biskupsstólarnir og skólarnir í Skálholti og á Hólum voru lagðir niður og sömuleiðis alþingi en landsyferréttur settur í Reykjavík og einnig biskupsstóll og Hólavallaskóli. Öld Stefánunga mátti þessi tími kallast, að undanskildum örfáum einkennilegum vikum sumarið 1809, þegar Jörgen Jörgensen gerði byltingu í landinu.

Í Skagafirði bar það til veturinn 1785 að meistari Hálfðan andaðist, aðeins 53 ára að aldri og þó þrotinn að kröftum eftir stranga og merka starfsævi. Líkast til hefur Eldjárn verið á Hólum við útför þessa fyrrverandi kennara síns og samstarfsmanns, ef til vill einn af líkmönnunum. Haustið 1786 hvarf séra Oddur Gíslason í Miklabæ með sviplegum hætti, sem frægt varð. Oddur var mágur Hálfðans, sonur Gísla Magnússonar biskups, og því bæði kunnugur og með vissum hætti tengdur Eldjárni. Vorið 1787 burtkallaðist svo Árni biskup Þórarinsson og síðsumars 1788 tók eftirmaður hans við Hólastað, Sigurður Stefánsson, eldri skólabróðir Eldjárns fyrrnefndur. Sigurður var samfeðra hálfbróðir Ólafs stiftamtmanns, góðviljaður maður en heilsuveill og enginn skörungur. Þá um haustið giftist Magnús Stephensen, sonur Ólafs, Guðrúnu, dóttur Vigfúsar Schevings sýslumanns á Víðivöllum; hafði Vigfús tveggja daga boð inni á Víðivöllum og veitti skörulega. Margt helsta stórmenni landsins var í veislunni og ýmislegt mannval annað, sem vænta mátti, þar á meðal „virðingamenn nær allir úr Skagafirði“;<sup>117</sup> líklega tilhafðir, púðraðir í vöngum, með parruk og í hnéháum silkisokkum. Trúlega var Eldjárn í hópi veislugesta; Vigfús sýslumaður var sonur Hans Schevings klausturhaldara á Möðruvöllum og því gamalgróinn kunningsskapur með fjölskyldum þeirra Eldjárns.



Eldjárn og Krístrún Eyjólfsdóttir áttust haustið 1786 eða snemma árs 1787. Þau bjuggu á Brúarlandi til móts við foreldra hennar til 1793, í Enni á Höfðaströnd 1793-1806 og síðast á Háleggsstöðum í Deildardal frá 1806. Á fyrstu þrettán búskaparárum sínum, 1787-1799, eignuðust þau a.m.k. eftirtalin níu börn, sem öll komust á legg:

<sup>117</sup> *Saga frá Skagfirðingum* II, bls. 9.



- a) **Hallgrímur**, fæddur 1787 á Brúarlandi. Hann er hjá foreldrum sínum í Enni í manntalinu 1801 og er þá að vísu sagður 15 ára og ætti samkvæmt því að hafa fæðst 1786. Manntalið „1801“ var hins vegar ekki tekið fyrr en 1803 í Hofspingum og verður því að ætla að Hallgrímur hafi fæðst seinni hluta árs 1787. Hann fór til séra Þórarins Sigfússonar á Tjörn í Svarfaðadal, var skráður hjá honum á Tjörn sem 20 ára tókupiltur í desember 1807 en sem 22 ára vinnupiltur tveim árum síðar og er þá sagður frómur og ráðvundur, sæmilega lesandi og kunnandi.<sup>118</sup> Hallgrímur var enn á Tjörn 1813 en gerðist síðan bóndi á Vatsnenda í Ólafsfirði, dó þar 31. júlí 1816, ókvæntur og barnlaus.
- b) **Þórvör**, fædd 1789 á Brúarlandi. Hún var hjá foreldrum sínum í Enni í manntalinu 1801 (þ.e. árið 1803), þá sögð 14 ára en 27 ára í manntalinu 1816. Hún fór vinnukona til skyldfólks síns vestur í Húnavatnssýslu og varð síðan bóndakona þar.
- c) **Guðrún** eldri, fædd 1790 á Brúarlandi. Hún er 13 ára fósturbarn á Ljósstöðum á Höfðaströnd í manntalinu 1801 (þ.e. árið 1803) og varð bóndakona í Óslandshlíð.
- d) **Egill**, fæddur 1792 á Brúarlandi. Hann er 9 ára fósturbarn á Valabjörgum á Skörðum í manntalinu 1801 (tekið það ár), hjá Jóni bónda Jónssyni og Guðrúnu Hallsdóttur konu hans. Þau gerðu vel til Egils, gáfu honum fjórðungsgjöf fjár síns á manntalsþinginu á Seylu þann 15. júlí 1801.<sup>119</sup> Það kom þó fyrir ekki því að Egill drukkaði í sjóróðri suður í Njarðvíkum 21. apríl 1813.<sup>120</sup>
- e) **Eyjólfur**, fæddur 1794 í Enni; er 9 ára hjá foreldrum sínum í Enni í manntalinu 1801 (þ.e. árið 1803). Hann varð bóndi í Kolbeinsdal.
- f) **Solveig**, fædd 1795 í Enni; er þar í manntalinu 1801 (árið 1803), sögð 8 ára. Hún fór með föður sínum að Miklagarði í Eyjafirði og giftist þar.
- g) **Sigfús**, fæddur 15. mars 1797 í Enni; hann finnst ekki í manntalinu 1801, en mun hafa farið í fóstur til Snjólaugar föðursystur sinnar og manns hennar, séra Hannesar Schevings, fyrst í Laufási og frá 1813 á Grenjaðarstöðum.<sup>121</sup> Sigfús hefur eflaust verið hjá foreldrum sínum 1801 en líklega verið kominn til Snjólaugar frænku sinnar 1803, þegar manntalið var rekið í Hofspingum. Hann varð vel metinn bóndi í Eyjafirði.
- h) **Jón**, fæddur 1797 í Enni og því líklega tvíburi við Sigfús. Jón er hjá foreldrum sínum í manntalinu 1801 (árið 1803), sagður 6 ára. Hann varð bóndi í Deildardal.

<sup>118</sup> Sóknarmannatal Tjarnarprestakalls 1807-1813.

<sup>119</sup> Dóma- og þingbækur Skagafjarðar.

<sup>120</sup> *Annáll nítjándu aldar* I, bls. 174.

<sup>121</sup> Hólmgeir Þorsteinsson. *Eyfirskar ættir* IV, Eyfirðingapættir I, bls. 108 (Reykjavík 1984).

- i) **Guðrún** yngri, fædd 1799 í Enni; hún er ekki nefnd í manntalinu 1801 en fór ung í fóstur til Snjólaugar föðursystur sinnar í Laufási og á Grenjaðarstöðum, fermdist í Laufási 1813.<sup>122</sup> Hið sama á við um hana og Sigfús bróður hennar: Hún hefur verið hjá foreldrum sínum 1801 en kemur ekki fram í manntalinu vegna þess að það var ekki tekið fyrir en 1803 í Hofspingum, hefur þá verið farin til Snjólaugar. Guðrún taldist hefðarkona og giftist efnabónda austur í Þingeyjarsýslu.

Svo þétt sem þessi börn fæddust er ólíklegt að Eldjárn og Krístrún hafi misst nema fá ef nokkur börn og áttu í þeim skilningi óvenjulegu barnaláni að fagna. Ef til vill var það að einhverju leyti að þakka Guðrúnu Ólafsdóttur á Bjarnastöðum í Unadal, fyrstu lærðu ljósmóður Skagfirðinga, en hún starfaði í héraðinu 1779-1803.<sup>123</sup> – Frekar er sagt frá niðjum Eldjárns í drögum að niðjatali í viðauka þessar þáttar.

Sem fyrr segir fluttust Eldjárn og Krístrún að Enni á Höfðaströnd árið 1793. Enni var stólsjörð, 40 hundruð að fornu mati og því ein af vildisjörðum Hofshrepps. Árferði var sæmilegt fyrstu árin eftir móðuharðindin og fram um 1790, í harðara lagi 1791-1794 en síðan mjög hagstætt til aldamóta.<sup>124</sup> Eftir að Eldjárn komst að Enni hefðu allar forsendur því átt að vera til þess að honum búnaðist vel, enda „hraustur að afli og frækinn“. Þetta fór þó á annan veg því að þau Krístrún lentu í basli og urðu að láta mörg af börnum sínum frá sér. „Fátækur barnamaður“ segir Sighvatur Grímsson um Eldjárn; Espólín orðar það svo að hann „bjó lengi við fátækt á Höfðaströnd“ og Páll Eggert segir: „var jafnan fátækur, enda átti hann ómegð mikla.“<sup>125</sup>

Það er þó ekki nægjandi skýring á fátækt Eldjárns að þau Krístrún eignuðust mörg börn. Margur átti ómegð en komst þó vel af eða jafnvel í efni. Mönnum búnast misvel og eru ekki alltaf augljósar skýringar á því. Sumir hafa næmari tilfinningu en aðrir fyrir fé og fjárbúskap. Vera má að Eldjárn hafi verið dugandi, eins og lýsingar á honum benda til, en óheppinn eða ólaginn. Eins getur náttúrlega komið til greina að Krístrún hafi verið lítil búkona. Það sagði fljótt til sín ef ekki var gætt ráðdeildar innanstokks. Ekki er heldur að vita nema heilsubrestur annars hvors hjónanna hafi valdið, til dæmis getur verið að ólukkans þunglyndið hafi náð tökum á Eldjárni, eins og Agli föðurbróður hans áður. Hitt virðist þó reyndar líklegra, sem síðar getur, að Eldjárni hafi þrotið þróttur með aldri.

<sup>122</sup> Indriði Indriðason. *Ættir Þingeyinga* II, bls. 134 (Reykjavík 1976); Arnór Sigurjónsson. *Einars saga Ásmundssonar* I, bls. 17 (Reykjavík 1957).

<sup>123</sup> *Skagfirðingabók* 24, 43-44.

<sup>124</sup> *Saga Íslendinga* VII, bls. 285.

<sup>125</sup> Sighvatur Grímsson, *Prestaefir* XVI, 8, bls. 782; Jón Espólín. *Ættatölubækur* V, 3934; *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 429.

Hver sem skýringin á fátækt Eldjárns kann að vera er hitt víst að það eru ýkjur að hann hafi „jafnan“ verið fátækur. Þann 27. apríl byltingarárið 1789 seldi hann Guðmundi nokkrum Jónssyni Hól, 20 hundraða jörð „innan Skagafjarðar sýslu“ (líklega í Tungusveit) fyrir 80 ríkisdali, og hefur þá verið vel fjáður um sinn.<sup>126</sup> Líkast til hefur sæmilegur fjárhagur ríflað fyrir því að hann fékk svo ágæta jörð sem Enni til ábúðar, þótt það hafi áreiðanlega ekki heldur spillt fyrir honum að Sigurður Stefánsson biskup var skólalabróðir hans.

Framan af búskaparárum sínum var Eldjárn í tölu fyrirbænda og það er eitt með öðru sem bendir til þess að honum hafi þá búnast allvel. Hann varð einn af þremur stefnuvottum í Hofshreppi 1797 og var vottur á manntalsþingum á Hofi 1793-1798.<sup>127</sup> Fyrstu tvö árin er hann aftastur og næstaftastur vottanna, þokast síðan upp í miðjan hópinn en hverfur svo óforvarandis úr þessum góðbændaflokki.

Þegar jarðir Hólastóls voru seldar 1802 var Eldjárn einn af mörgum leiguliðum sem festu kaup á ábýlisjörð sinni, enda fylgdu þeim kaupum ýmis forréttindi: Afgjöld jarðarinnar féllu að sjálfsögðu niður um leið og hún hafði verið slegin leiguliðanum, hann fékk þriggja ára greiðslufrest á öllu jarðarverðinu og þurfti aðeins að greiða sjöttung jarðarverðsins að þeim fresti liðnum, fékk auk þess vissa eftirgjöf á vöxtum af jarðarverðinu og sex ára skattfrelsi af jörðinni.<sup>128</sup>

Nú vildi svo illa til að næstu ár eftir að Eldjárn keypti Enni, 1802-1807, urðu mikil harðindaár og það hefur áreiðanlega verið á þessum árum að fjárhagur hans laskaðist til muna. Svo mikið er víst að hann varð að ganga frá kaupnum á Enni, greiddi að vísu þriðjung jarðarverðsins, tæplega 86 ríkisdali, árið 1806 en fluttist sama ár að Háleggsstöðum í Deildardal og seldi Enni.<sup>129</sup> Kaupandinn var næsti bóndi í Enni á eftir Eldjárni, Jón Þorvaldsson (prests í Hvammi í Laxárdal Jónssonar). Synir Jóns, Pétur og Sveinn, gengu skömmu síðar inn í þessi jarðar kaup föður síns.<sup>130</sup> Pétur bjó síðan í Enni og á Óslandi og Sveinn bróðir hans í Enni í Viðvíkursveit, báðir í fyrirbænda tölu. Sveins verður síðar getið.

Kúgildið og jarðarhundraðið jafngiltu löngum 4 ríkisdölum og var svo t.d. enn þegar Eldjárn seldi Hól árið 1789. Eldjárn átti hins vegar að gjalda tæpa 7 ríkisdali fyrir hvert hundrað í Enni, alls 270 rd. fyrir 40 hundruð. En þótt þarna sé um verulega hækkun að ræða voru þetta í rauninni vildarkjör, enda var það stefna stjórnarinnar að sem flestir leiguliðar gætu keypt ábýlisjarðir sínar ef það mætti verða til þess að sjálfseignarbændum fjölgaði. Í eðlilegum viðskiptum má ætla að

<sup>126</sup> *Alþingisbækur Íslands XVII*, bls. 195 (Reykjavík 1990).

<sup>127</sup> Dóma- og þingbækur Skagafjarðarsýslu.

<sup>128</sup> Sjá grein Gísla Magnússonar: Sala Hólastólsjarða í Skagafirði 1802. *Skagfirðingabók* 5, 95-164.

<sup>129</sup> Gíslí Magnússon: Sala Hólastólsjarða í Skagafirði 1802. *Skagfirðingabók* 5, bls. 143.

<sup>130</sup> Dóma- og þingbækur Skagafjarðarsýslu, 31. ágúst 1807.

jarðarhundraðið hefði verið metið á a.m.k.10 rd. um þessar mundir og orsakaðist þessi mikla verðhækkun af verðbólgunni sem Evrópuófriðurinn hafði hrundið af stað.

Eftir sölu stólsjarðanna hækkaði verðlag áfram hröðum skrefum og því er ólíklegt að Eldjárn hafi beinlínis tapað á kaupunum á Enni. Verðlagsþróunin hefði þvert á móti átt að auðvelda honum að komast yfir jörðina en það kom fyrir ekki, enda bendir ýmislegt til að hann hafi verið kominn í veruleg vandræði þegar hann gafst upp á kaupunum, 1806.

Búferlin sjálf eru gleggsta vísbendingin um þetta: Háleggsstaðir voru 10 hundraða kot. Húsakynnin voru líklega í samræmi við jarðarstærðina og umskiptin því að öllu leyti mikil læging fyrir Eldjárn og Krístrúnu. Í upphafi búskapar síns töldust þau til höfðingja og síðan lengi til betri bænda. Það hafði auðvitað ekki farið framhjá sveitungum þeirra hvert stefndi en flutningurinn að Háleggsstöðum var hastarleg staðfesting þess sem áður hafði aðeins verið grunur og orðasveimur; nú var öllum bert að höfðingjarnir voru orðnir sléttir kotbændur.

Það var einmitt sumarið 1807, sem áður er nefnt, að Eldjárn slóst í flokk þeirra bænda í Hofspingum sem neituðu að greiða séra Benjamín Jónssyni tíund af jörðum þeim sem þeir höfðu keypt á uppboði Hólastólsjarða. Gísli konrektor á Hólum Jónsson (biskups Teitssonar) rak málið fyrir séra Benjamín en talsmaður bænda var áðurnefndur Jón Þorvaldsson í Enni. Séra Benjamín var enginn ójafnaðarmaður enda fór svo að málið var dæmt honum heldur í vil. Líkast til hefði Eldjárn ekki fyllt flokk andstæðinga svila síns og sóknarprests hefði ekki sorfið að hjá þeim Krístrúnu.

Dómurinn í þessari tíundarþrætu fól það meðal annars í sér að Eldjárn skyldi greiða eins árs tíund af Háleggsstöðum og sýnir því að Eldjárn hefur keypt þá jörð árið 1806, þegar hann seldi Enni. Hann hefur þá ekki verið kominn í algjört þrot, en illa var hann staddur. Á manntalsþingi á Hofi sumarið 1808 var lesin fullmagt Gísla konrektors frá Baagöe verslunarstjóra hjá Kyhns verslun á Siglufirði að innheimta skuldir bænda og er þá tekið fram að Eldjárn kannist við skuld sína en geti ekki greitt hana, lofi þó að gera það síðar (þótt hins sama sé ekki getið um aðra).<sup>131</sup> Á Hofspingi 1809 var og upplesin krafa séra Vigfúsar Reykdals á Hvanneyri (systursonar Gísla konrektors) á hendur Eldjárnri en þess ekki getið að hann leysti sig undan henni.<sup>132</sup>

Árið 1801 voru að líkindum þessi af Eldjárnsbörnum og Krístrúnar hjá þeim í Enni:

*Hallgrímur, 13 ára*

<sup>131</sup> Dóma- og þingbækur Skagafjarðarsýslu, 25. júní 1808.

<sup>132</sup> Dóma- og þingbækur Skagafjarðarsýslu, 10. maí 1809.

*Þórvör, 12 ára*  
*Guðrún eldri, 11 ára*  
*Eyjólfur, 7 ára*  
*Solveig, 6 ára*  
*Sigfús, 4 ára*  
*Jón, 4 ára*  
*Guðrún yngri, 2 ára*

Guðrún eldri kann að vísu að hafa verið komin að Ljósstöðum á Höfðaströnd; þar er hún í fóstri 1803. Eina barnið sem full vissa er fyrir að var hjá öðrum 1801 var Egill; hann var þá 9 ára, kominn að Valabjörgum. Líkast til hafa Valabjargahjón tekið hann til sín í heiðursskyni við foreldra hans, fremur en af gustuk. Til þess bendir það sem áður er nefnt að þau gáfu honum fjórðungsgjöf sína og hafa því ætlað að manna hann.

Veturinn 1802 og vorið 1803 bar það til að báðir föðurbræður Eldjárns létust, séra Egill Eldjárnsson í kröm syðra og séra Sigfús Jónsson í Höfða í virðulegum aldurdómi nyrðra. Um sama leyti er greinilegt að fjárhagur Ennishjóna hefur verið orðinn slæmur, enda var Eldjárn nú orðinn hálfsextugur og líklega slitinn af erfiði. Þau Krístrún urðu nú að láta börnin frá sér eitt af öðru. Guðrún eldri var komin að Ljósstöðum 1803, sem fyrr segir, til bærulega megandi bændahjóna þar. Guðrún yngri og Sigfús eru sömuleiðis farin frá Enni 1803, líklega til Snjólaugar föðursystur sinnar í Laufási. Búið í Enni var svo lítið að það bar engan aukamannskap. Jafnvel elstu börnin, Hallgrímur og Þórvör, urðu að því fara annað eftir viðurværi þótt þau væru orðin matvinnungar og vel það. Þórvör fór til prestshjónanna í Ríp, séra Magnúsar Árnasonar (biskups Þórarinssonar) og Önnu Þorsteinsdóttur (prests Hallgrímssonar), bróðurdóttur Eldjárns; barst síðan vinnukona með þeim vestur í Húnavatnssýslu. Hallgrímur fór sem fyrr segir að Tjörn í Svarfðardal, til séra Þórarins Sigfússonar, var með vissu kominn þangað 1807 en hefur trúlega farið til Þórarins nokkrum árum fyrr. Þegar Eldjárn og Krístrún fluttust frá Enni að Háleggsstöðum, árið 1806, má því víst telja að þau hafi aðeins haft hjá sér þrjú af börnum sínum: Eyjólf, 12 ára, Solveigu, 11 ára, og Jón, 9 ára.

Það bar til tíðinda sumarið 1809 sem fyrr segir að Jörgen Jörgensen gerðist kóngur á Íslandi og var á meðal stjórnarathafna hans að hann hélt í yfirreið á Norðurland, allt norður í Hofsóss og að Möðruvöllum. Það var hlægileg för og gagnslaus eins og flestar yfirreiðir landsstjórnarmanna fyrr og síðar. Ef til vill hefur Eldjárn verið í kaupstað og barið augum þennan nýstárlega kóng og hlaupastráka hans tvo dubbaða upp í grænt úniform og áttu það erindi helst að skattyrðast við bændur og kellingar þeirra og kreista út úr þeim hrossalán að komast á milli kóta.<sup>133</sup>

---

<sup>133</sup> Sjá t.d. *Sögu frá Skagfirðingum* II, bls. 50-53.

Einhvern tíma um þessar mundir orti Eldjárn eftirfarandi vísu:<sup>134</sup>

*Þér ég Gísli segi satt  
síst skal bresta trúna  
missa átti ég höfuð og hatt  
hvass er hann orðinn núna*

Vísan sú arna bendir til þess að Eldjárn hafi lent í einhverjum hremmingum en engin líkindi eru þó til þess að þær hafi tengst norrðurreið hundadagakónsins eða öðrum pólitískum hræringum. Trúlegra er að Eldjárn hafi í huga fjárþrengingar sínar. „Gísli“ vísunnar er óþekktur nú en þó er ekki fjarstætt að ætla að skáldið ávarpi Gísla Jónsson konrektor, sem lagði sig eftir lögum og tók að sér málaferli og innheimtur, m.a. á hendur Eldjárn eins og fyrr segir.

Víst má telja að Eldjárn hafi verið skuldugur Jakobi Havsteen faktor í Hofsós, eins og margir aðrir bændur á Höfðaströnd og víðar. Jakob var að höfðingjadómi „vel at sér um vit ok stillingu, ok í uppgangi“,<sup>135</sup> en alþýðu þótti hann víst harðdrægur í viðskiptum og ásælinn; tók enda jarðir nokkurra viðskiptamanna sinna upp í skuldir eða gekk inn í jarðakaup þeirra og hefur líklega ekki tapað á þeim skiptum. Þannig eignaðist faktorinn að lokum jarðir þeirra svilanna Þórðar Grímólfssonar og Eldjárns, fékk Kamb sleginn sér á uppboði 1808 og gekk inn í kaup Eldjárns á Háleggsstöðum 1813.<sup>136</sup> Jakob var faðir Péturs amtmanns og föðurfaðir Hannesar Hafstein ráðherra. Sveiti Eldjárns varð sáð til ávaxtar þeirra Hafsteina.\*

Nú styttist óðum í þætti Eldjárns og fer af honum æ færri og hljóðlátari sögum. Háleggsstaðaár þeirra Krístrúnar urðu tíðindalaus, eftir því sem best er vitað; þau rísa nú hvergi úr nafnleysi skarans og komast ekki á blað fyrr en í janúar 1814 að Krístrún sálaðist úr einhverjum ónefndum krankleik, líkast til slitin um aldur fram af barneignum og basli.

Áður er þess getið að Eldjárn missti alla helstu aðstandendur sína og styrktarmenn á skömmum tíma þegar hann var um þrítugt, á ofanverðum 8. áratug 18. aldar. Báða föðurbræður sína missti hann líka á hálfu ári, 1802-1803, og nú vildi svo til að enn varð hrina af áföllum í fjölskyldunni. Um hálfu ári eftir að Krístrún burtkallaðist dó einnig Snjólaug systir Eldjárns, uppeldismóðir tveggja barna þeirra Krístrúnar. Hálfu ári síðar, í janúar 1815, lést Ólöf systir þeirra, prestsmaddaman í Miklagarði í Eyjafirði. Sumarið 1816 dó síðan einn af efnismönnum ættarinnar: Séra Hallgrímur

<sup>134</sup> Varðveitt í vísnaafni Sigurðar J. Gíslasonar í HSK.

<sup>135</sup> Jón Espólin, *Íslands árbækr* XII, bls. 78.

<sup>136</sup> Dóma- og þingbækur Skagafjarðarsýslu, 25. júní 1808; Gísli Magnússon: Sala Hólastólsjarða í Skagafirði 1802. *Skagfirðingabók* 5, bls. 144.

\* Rétt svo. Í hinni prentuðu gerð þáttarins misritaðist þetta því verr sem „Sveita Eldjárns var sáð ...“.

Þorsteinsson bróðursonur Eldjárns, drukknaði í Hraunsvatni eins og Jónas sonur hans hefur frægt í ljóði:

*Ungur var ég forðum  
fór ég einn saman  
föður sviptur  
er fremst mér unni  
þannig liðu  
langir dagar  
meini blandnir  
á marga lund.*

En gleðiatburðir urðu einnig í ættinni um þessar mundir, t.d. sá, árið 1817, að Hallgrímur Hannesson Scheving frá Grenjaðarstöðum, sonur Snjólaugar tvíburasystur Eldjárns, útskrifaðist með doktorspróf frá Kaupmannahafnarháskóla, fyrsti doktorinn í ættinni.

Sumarið 1814 var Eldjárn vitni á Hofspingi en er síðan úr skagfirskri sögu, fluttist árið 1815, 67 ára gamall, austur í Miklagarð til mágs síns, séra Hallgríms Thorlaciusar; var þar í maí 1815. Synir hans, Eyjólfur og Jón, urðu eftir í Skagafirði; Eyjólfur var smali á Skúfsstöðum í Hjaltadal 1816 og Jón vinnumaður á Háleggsstöðum, hjá hjónunum sem þar urðu ábúendur á eftir Eldjárni.

Solveig Eldjárnsdóttir fór hins vegar með föður sínum í Miklagarð. Hallgrímur Thorlacius var búiöldur mikill og sterkefnaður og hefur varla tekið Eldjárn til sín og þau Solveigu af góðvild einni saman; hefur það sennilega verið í samningum þeirra Eldjárns að Solveig hefði forstöðu innanstokks hjá presti, þótt hún kallaðist þar aðeins vinnukona og hlyti líklega ekki önnur laun fyrir þénustu sína en framfæri sitt og föður síns. Í Miklagarði átti Eldjárn síðan rólegan aldurdóm og virðulegan, eftir því sem best verður séð; fær m.a. þá vitnisburði séra Hallgríms að hann sé „stúdent“, „ekkjumaður“ og „margkunnandi“, en er t.d. hvorki sagður vinnumaður, ómagi eða próventumaður.<sup>137</sup> Þann 28. apríl 1825 lést hann í Miklagarði, „hjá tengdanáunga, 77 ára ekkjumaður, studiosus“.<sup>138</sup>


## 11. Og orðið ríkir

Blóð Eldjárns dynur enn í æðum okkar afkomenda hans og þess vegna varðar okkur um sögu hans. Ekki endilega vegna þess að hún sé merkari en aðrar heldur miklu fremur vegna þess að hún er með nokkru móti saga allra forfeðra okkar og þar með saga okkar sjálfra.

<sup>137</sup> Þjóðskjalasafn Íslands: Sóknarmannatal Miklagarðskirkju í Eyjafirði 1785-1882.

<sup>138</sup> Þjóðskjalasafn Íslands: Prestþjónustubók Miklagarðs 1816-1861.

Börn Eldjárns og barnabörn urðu öll bændafólk en á meðal fjarlægari niðja hans komu fljótlega fram ýmsir sem skáru sig úr fjöldanum, þar á meðal nokkrir af mestu auðmönnum Íslands. Stöldrum hér þó aðeins við eina örsnauda sonardóttur Eldjárns og Krístrúnar, Guðrúnu Jónsdóttur, fædda í Grafarseli í Deildardal 11. nóvember 1837. Árið 1865 var hún ógift 28 ára vinnukona á Hjaltastöðum í Blönduhlíð, hjá Eggerti Briem sýslumanni, og komst þar í nán kynni við Magnús Sveinsson frá Enni í Viðvíkursveit. Hann var níu árum eldri en hún, fæddur í Enni 27. apríl 1828, og hafði verið kvæntur maður en misst bæði konu og fjögur ung börn. Lærður smiður var hann en festi hvergi yndi, var vinnu- og lausamaður víða í Skagafirði, auknefndur „halti“ af líkamslýti sínu.<sup>139</sup> Magnús átti til góðra að telja, sem kallað var, sonur Solveigar Magnúsdóttur (hreppstjóra og hanskamakara á Tjörnum í Sléttuhlíð Magnússonar) og manns hennar, Sveins bónda í Enni í Viðvíkursveit Jónssonar bónda í Enni á Höfðaströnd Þorvaldssonar, þess sem áður er nefndur og gekk inn í kaup Eldjárns á Enni. Barnabörn þeirra Ennisbænda, Eldjárns og Jóns Þorvaldssonar, blönduðu nú blóði, eignuðust saman soninn Svein.




Jón Eldjárnsson (d. 1873) og kona hans, Dóróthea Jónsdóttir (d. 1871), höfðu lengi búið smátt í Grafarseli í Deildardal en voru nú í húsmennsku á Skuggabjörgum í Deildardal, næsta bæ utan við Háleggsstaði. Af einhverjum ástæðum mátti Guðrún eða vildi ekki ala barn sitt á sýslumannssetrinu og leitaði því skjóls í skoti foreldra sinna og fæddi þar son sinn, þann 7. janúar 1866. Drengurinn hlaut nafn föðurföður síns og hefur Guðrún því viljað eiga smiðinn halta en af því varð þó ekki, þau fóru í vinnumennsku hvort í sína áttina og dóu bæði heilsulausir sveitarómagar, Magnús 18. september 1878 í Brimnesi í Viðvíkursveit og Guðrún 13. desember 1886 á Þönglaskála á Höfðaströnd.<sup>140</sup>

<sup>139</sup> Sjá þátt Guðmundar Sigurðar Jóhannssonar um hann í *Skagfirzjum æviskrám 1850-1890* IV, bls. 234-236 (Akureyri 1986).

<sup>140</sup> Upplýsingar frá Guðmundi Sigurði Jóhannssyni, sbr. líka *Krækustaðaætt*, bls. 175 (Reykjavík 1996).





Húsbændur á Skuggabjörgum voru Jón Jónsson og kona hans, Þorgerður Jónsdóttir, dóttir Guðrúnar eldri, systur Jóns Eldjárnssonar. Sveinn litli ólst upp hjá Þorgerði frænku sinni en hún dó þegar hann var tólf ára, 1878. Upp úr fermingu fór Sveinn síðan í vistir á Höfðaströnd og í Sléttuhlíð, tók fljótlega að sækja sjó af þrautseigju og braust smám saman til bjargálna, varð formaður og síðar sjálfseignarbóndi í Ketu á Skaga, kirkjustað Útskagamanna. Ein af dætrum Sveins var Sigurbjörg húsmóðir í Ketu, föðurmóðir tölvupjakks.<sup>141</sup>

Hér að framan hafa verið tilfræðar nokkrar af vísunum Eldjárns, enda var hann vel hagorður og sór sig þannig bæði í ætt sína og þjóð. Eldjárn verður þó seint kallaður mikið skáld. Gísli Konráðsson orti þetta um hann í Skáldatali sínu í Helga rímum Hundingsbana:<sup>142</sup>

*Eldjárn Hallgríms arfi snjall að kveða,  
stopult bar þó stefja geir.  
stúdent var og ekki meir.*

Hér hæfir formið efninu, stutt og laggott eins og skáldskapur Eldjárns.

Því verður þó ekki neitað að það er talsverður galdur í nafnstuðlun þeirri eða „ofurgriplum“ Eldjárns um Krístrúnu sem áður er frá sagt og í annarri vísu eftir hann rís rímfimi hans í þvílíka hæð að kallast verður sérstæð snilld. Það er í þessari einkennilegu „ljóðapvögu“:<sup>143</sup>

*Heitir lítil ljóða þrautin  
lítil þrýði þvaga skrítin  
ljóða þvaga þvættings kvæða  
þrautin skrítin kvæða grautur!*

E.t.v. hefur það orðið Eldjárnri hvatning til þessarar formglímu að það var langafi Krístrúnar konu hans, sr. Jón Þorgeirsson á Hjaltabakka, sem orti sléttubandavísuna frægu, „Stundar sóma hvergi hann ...“.

<sup>141</sup> Sjá m.a. *Skagfirskar æviskrár 1910-1950* II, bls. 198-203 (Sauðárkróki 1996).

<sup>142</sup> Sjá *Blöndu* VIII, bls. 275.

<sup>143</sup> Lbs. 851 4to, bls. 257 (Kvæðasafn eptir ýmis skáld ýmislegs innihalds samasafnað af Hallgrími Jónssyni).

Vísa Eldjárns er með þeim endemum að sama er hvort hún er lesin „lárétt“, með venjulegum hætti, eða „lóðrétt“. Hátturinn hefur mönnum litist óárennilegur, svo mjög að enginn annar virðist hafa reynt til við hann. Íslenskum skáldum verður víst seint brugðið um fábreytni í formi en með þessari einu vísu tekst Eldjárni þó að snúa og slá nýjan streng í meira en þúsund ára stefjavef íslensks kveðskapar – hlaða sér ofurlitla vörðu við þjóðarveginn.

Svo dýrt form, svo rýrt efni. Þannig þraukaði langsoltið fólk, guði og kóngi gleymt á heimsenda, með því að kroppa hverja tætlu af beini, vinda hverja efnisörðu úr orðunum þar til formið eitt var eftir, skínandi fægt. Löng var vakan í baðstofurökrinu, löng biðin eftir vori en æðrulaus þessi þrotlausu glíma við óblíð örlög og harðsnúin form.

Og ofar hverju efni ríkir orðið eitt.

**Þakkir.**

Ég þakka Hjalta Pálssyni vinsamlegar og gagnlegar ábendingar. Sömu leiðis þakka ég Guðmundi Sigurði Jóhannssyni fyrir hjálplegar athugasemdir við eftirfarandi niðjataladrög. *Höf.*